

SJÚKRALIÐINN

3. TÖLUBLAÐ 25. ÁRGANGUR JÚNÍ 2011



**Vinnum saman
sem einn
hópur**

– sjá heimsókn til Húsavíkur á bls. 18-22



Framkvæmdastjórn

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFI):
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþrá, fax 553 9492. Heimasíða félagsins er www.slfi.is Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 12:30 og 13:00 til 16:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

Starfsfólk á skrifstofu

Sjúkraliðafélags Íslands
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,
netfang: kristin@slfi.is
Gunnar Örn Gunnarsson,
framkvæmdastjóri,
netfang: gunnaro@slfi.is
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,
netfang: birna@slfi.is
Margrét Tómasdóttir, bókeri,
netfang: margret@slfi.is
Lilja Laxdal, skrifstofumaður,
netfang: lilja@slfi.is

Sjúkraliðinn:

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 3.300 eintökum.

Ábyrgðarmaður:

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:

Guðlaug Steinunn Kristófersdóttir, LSH-Hringbraut
Júlíus Snorrason, LSH-Landakoti
Jón Símon Gunnarsson, LSH-Fossvogi
María Búsk, varamaður

Umsjón:

Gunnar Örn Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:

Stafræna prentsmiðjan ehf., Hafnarfirði

Ný krafa Fjármálaeftirlitsins

Iðgjöld til A-deildar LSR verði 19,5%

Fjármálaeftirlitið hefur krafist þess að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) endurskoði iðgjald launagreiðenda til A-deildar sjóðsins, þar sem ákvæði 13. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kveður á um að iðgjald launagreiðenda á hverjum tíma sé við það miðað að það dugi til að lífeyrissjóðurinn geti staðið við heildarskuldbindingar sínar. Krafan felur í sér hækkun iðgjalda launagreiðenda um 4 prósentustig.

Fjármálaeftirlitið fellst ekki á þau sjónarmið sem meðal annars komu fram í ársskýrslu LSR fyrir árið 2009, að LSR falli undir ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997, sem gilda um almenna lífeyrissjóði og veitir þeim lífeyrissjóðum heimild til að hafa 10% mun á eignaliðum og lífeyrisskuldbindingum, eða bráðabirgðaákvæði nr. VI við þau lög sem leyfir að munurinn geti verið 15% árin 2008, 2009 og 2010.

Í ársskýrslu LSR fyrir árið 2010 kemur fram að heildar tryggingafræðileg staða A-deildar LSR, þ.e. áfallin staða að viðbætti

framfærðarstöðu, hafi verið neikvæð um 12% eða 47,4 milljarða kr. árið 2010. Fjármálaeftirlitið telur að stjórn LSR beri árlega að endurskoða iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á þann veg að ekki sé munur á eignaliðum og lífeyrisskuldbindingum. Iðgjöld til A-deildar LSR eru nú 15,5% af launum, þar af eru iðgjöld sjóðfélaga 4% og iðgjöld launagreiðenda 11,5%. Ætlað er að hækka þyrfti heildariðgjaldið um 4 prósentustig eða í 19,5%, til að heildarstaða A-deildar sjóðsins yrði í jafnvægi.

Rétt er að taka fram að ekki er gerð krafa til þess að hækka greiðslur launþega, heldur eingöngu þann hluta sem launagreiðandinn borgar. Sú greiðsla nemur nú 11,5% af launum en færi í 15,5%. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, hefur lýst því yfir að ágreiningur sé um túlkun á því svigrúmi sem sjóðurinn hefur í þessu efni, en að unnið sé að lausn sem þurfi að liggja fyrir í síðasta lagi 1. október næstkomandi.



Útskrift í desember

Hópur sjúkraliða útskrifaðist úr framhaldsnámi í hjúkrun aldraðra í desember síðastliðnum og komu þeir saman á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins til að fagna þeim tímamótum. Vonast er til þess að framhaldsnámið í hjúkrun aldraðra hefjist að nýju sem allra fyrst.

Sumaropnunartími skrifstofunnar

Sumaropnunartími gildir á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands frá 1. maí til 15. september 2011.

Skrifstofan verður opin frá klukkan 8.00 til klukkan 16.00. Lokað er fyrir síma frá 12.30 til klukkan 13.00.

Á DAGSKRÁ	2
- Iðgjöld til A-deildar LSR verði 19,5%	
- Útskrift í desember	
- Sumaropnunartími skrifstofunnar	
FORMANNSPISTILL	3
- Hvers vegna þessu miklu þöggun?	
KJARAMÁLIN	4-5
- Verðum að nálgast fyrri kaupmátt	
- Kvinnastörf metin til jafns við karla- störf	
FULLTRÚAÞINGIÐ	6-15
- Stéttin stoltari og upplitsdjarfari	
- Álag á sjúkraliða hefur margfaldast	
- Þjónustunni hefur hrakað	
- Hafna skerðingu lífeyrisréttinda	
- Menntun í stöðugri þróun	
- Sterkara trúnaðarmannakerfi	
TRÚNAÐARMENN	16-17
- Endurmat og efling kerfisins	
STUTTFRÉTTIR	17
- Fræðslufundur sérdeildar	
- Iceland Express hækkar	
VINNUSTADURINN	18-22
- Vinnum saman sem einn hópur	
- Skorið niður um 24% á þremur árum	
- Styrkir samheldni að skemmt sér saman	
- Glaumur og gleði	
SJÚKRALIÐASTARFIÐ	23
- Mikilvægt að ræða málin í trúnaði	
AFMÆLISRÁÐSTEFNAN	24-26
- Enn að berjast við sömu vindmyllurnar	
MENNTAMÁL	27
- Framhaldsnám í geðhjúkrun hafið	
- Námið mjög metnaðarfullt	
RITGERÐIR SJÚKRALIÐA	28-29
- Verum stolt af sögu sjúkraliða	
JAFNRÉTTISMÁL	30-31
- Óbreytt kynjahlutföll	
STUTTFRÉTTIR	31
- Endurbætur á Sigurhæð	
RITGERÐIR SJÚKRALIÐANEMA	32-34
- Málstofa sjúkraliðabrautar FB	
- Athvarf og bjargvættur	
- Fyrst þarf að byggja grunn	
- Bati er mögulegur	
AUGLÝSINGAR	34-36
- Vetrarleiga bústaða og íbúða	
- Skór, sokkar og peysur	
- Golfkort fyrir fjölskylduna	
- Gönguferð um Jökulsárgljúfur í ágúst	
FORSÍÐUMYNDIN	
Elfa Breiðfjörð, trúnaðarmaður sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík, mælir blóðþrýsting á sjúkrahæð spítalans.	

Af hverju þessa miklu þöggun?



Kristín Á. Guðmundsdóttir,
formaður Sjúkraliðafélags
Íslands, skrifar

Undanfarin ár hefur Sjúkraliðafélag Íslands bent á að greiða beri sambærileg laun fyrir sambærileg störf, menntun og ábyrgð í starfi. Í því sambandi hefur félagið borið sig saman við aðrar fagstéttir sem standa stéttinni nærri. Nú hefur það aftur á móti gerst að félagið hefur þurft að benda á þann launamun sem orðinn er eftir því hvar sjúkraliðar starfa. Má þar líta til stöðu félagssins í kjarasamningum við Reykjavíkurborg sem hefur komist upp með að halda sjúkraliðum án nokkurra launahækkana frá því árið 2008 er síðustu kjarasamningar voru gerðir við borgina. Launamunur sjúkraliða starfandi hjá ríki og borg er almennt umtalsverður og hefur verið um þó nokkurt skeið.

Á nýafstöðnu fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands var ályktaði um fjölda mála. Meðal þess sem fram kom voru mótmæli við að hægt sé að láta viðræður dragast á langinn, að settar séu upp sýndarviðræður og starfsmönnum haldið án eðlilegra launahækkana. Krafa stéttarinnar er að lögum verði komið yfir slíka mismunun.

Stéttafélög innan BSRB hafa ákveðið að fara fram með sameinaðar kröfur um réttindi sem snúa jafnt að öllum stéttum. Meðal annars að samið verði á nótum jafnréttis. Uppi hafa verið tillögur um kynjapotta sem nýttir yrðu til þess að lagfæra þann mun sem er á launum karla og kvenna, vinnuvikan verði stytta, stéttir betur tryggðar við störf sín og áfram verði hugað að menntun trúnaðarmanna. Þetta er meðal yfirgripsmikilla málaflokka sem bandalagið setur fram.

Heilbrigðisþjónusta

Fulltrúar félagsins hafa á undanförunum vikum farið víða á heilbrigðisstofnanir um allt land. Á þeim ferðum hefur berlega komið fram hve gríðalegur niðurskurður hefur orðið í rekstri stofnanna og er það í fullu samræmi við þá miklu umræðu sem orðið hefur um stöðu þeirra er þjónustunnar eiga að njóta. Þeir eru m.a. sjúklingar á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heima-hjúkrun og þeir er sækja heilsugæslustöðvar, en einnig þeir sem ekki komast til lækna og eru því ýmist veikir heima eða þá á götunni eins og fram hefur komið í umræðunni um fíkniefnaneytendur. Vitað er að einstaklingar hafa dáið vegna skorts á úrræðum og lélegum aðbúnaði. Þrátt fyrir það keppast heilbrigðisyrfirvöld við að fullyrða að öryggi sjúklinga sé ekki ógnað. Hvað er verið að verja? Því er svo mikil þöggun í gangi?

Á sama tíma eru skorin niður störf sjúkraliða, þrátt fyrir að ljóst sé að þjónustu við sjúklinga og vistmenn hjúkrunarheimila hefur hrakað og að undirmannað er í sjúkraliðastöðum. Afleiðingin er óbærilegt álag á stéttina, hærri tíðni atvinnusjúkdóma sem herja á hana og að örorka vegna álags og streitu hefur aukist gríðarlega.

Eftirlitsskyldu með heilbrigðisstofnunum virðist vera þannig að ef í ljós kemur að starfsemi stofnunarinnar sé ábótavant er farið sé á staðinn og beðið um lagfæringar. Engin refsing liggur við, hvorki í dagsektum né að lokun stofnunarinnar sé yfirvofandi. Svo virðist sem staða þjónustuþega heilbrigðiskerfisins sé mjög veik hér á landi.

Hinsvegar telst það sjálfsgat að taka það alvarlega sé dýrahaldi ábótavant og er þá slíku búi lokað ef ekki er orðið við aðfinnslum innan ákveðins tíma. Einnig er hægt að benda á eftirlitsskyldu með brunavörnum, fjármálafyrirtækjum, byggingu húsa og hraðakstri, svo fátt eitt sé talið. Á öllum þessum sviðum er um að ræða viðurlög ef einstaklingar eða félagasamtök eru fundin sek um að brjóta þau lög er um málið gilda.

Hvers vegna gildir það sama ekki um meðferð sjúklinga?

Launamunur sjúkraliða starfandi hjá ríki og borg er almennt umtalsverður og hefur verið um þó nokkurt skeið.

Verðum að nálgast fyrri kaupmátt

„Á síðustu misserum og árum hafa verið gerðir samningar sem fela í sér krónutöluhækkunir, en það hefur skekkt allar launatöflur verulega. Þetta verður til þess að í næstu kjarasamningum verður að endurskoða launatöfluna í heild sinni og það er auðvitað mun tímafrekara verk en að semja um hefðbundna prósentuhækkun. Það má því búast við að viðræður um nýjan kjarasamning taki nokkurn tíma og standi jafnvel fram á haustið,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

Í samningnum félagsins við ríkið og sjálfseignarstofnanir í október síðastliðnum var í Bókun 1 samið um svokallaða potta. Ríkið hefur nú dreift þessu fjármagni til stofnananna. Sjúkraliðafélagið hefur síðustu vikurnar átt í viðræðum við stofnanirnar um hvernig eigi að fella þennan pott inn í stofnanasamninga á hverjum stað fyrir sig. Stefnt var að því að ljúka þessu verki fyrir mánaðarmótin maí/júní, en greiðslur eru afturvirkar frá 1. febrúar síðastliðnum.

Þá hefur Sjúkraliðafélagið keppt við að reyna að ljúka samningum um laun á þeim uppsafnaða vanda sem ítarlega var rakinn í síðasta blaði. „Okkur hefur ekki tekist að ljúka viðræðum og samningum við Reykjavíkurborg um það tímabil sem liðið er frá samningunum sem runnu út í ágúst árið 2009, en við erum hins vegar búin að ganga frá samkomulagi við ríki og sjálfseignarstofnanir,“ segir Kristín. „Gengið var frá þessum málum við samninganefnd sveitarfélaganna á nokkuð annan hátt, sem felur í sér að það liggur fyrir hvernig þetta tímabil verður tekið inn í næstu samninga við sveitarfélögin.“

Lægri laun hjá borginni

Kristín segir að Sjúkraliðafélagið hafi boðið Reykjavíkurborg að ljúka þessu gamla máli á sama hátt og sveitarfélögin, en borgin hafi ekki viljað fallast á slíka niðurstöðu. Það hafi því dregist að ná



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

samkomulagi við borgina um að ljúka þessu gamla máli og koma því þannig út af borði ríkissáttasemjara.

„Sáttasemjari náði því samt sem áður fram að farið yrði í að meta laun sjúkraliða hjá borginni og ríkinu til að fá samanburð. Á fundi í maí mánuði voru niðurstöður þess mats lagðar fram, en það leiddi í ljós verulegan mun á launum sjúkraliða, sem eru lægra launaðir hjá borginni en ríkinu. Við lögðum í kjölfarið fram tillögu um hvernig hægt væri að ljúka þessu máli þannig að sjúkraliðar hjá borginni fengju þær launbætur sem þeir eiga rétt á. Það liggur fyrir að okkar hálfu að niðurstaða í þessu gamla máli verður að liggja fyrir áður en við ræðum efnislega við borgina um nýjan kjarasamning.“

Við munum einnig horfa til kröfunnar um svokallaðan kynjapott

Erum í biðröð

Varðandi komandi kjarasamninga þá er enn ósamið við alla viðsemjendur Sjúkraliðafélags Íslands.

„Við erum einfaldlega eins og mörg önnur stéttarfélög í biðröð eftir að komast að. Við höfum merkt það að ríkið stefnir að því að taka BHM félögin fram fyrir í þessum viðræðum. Bæði lítur ríkið til þess að BHM hafi ekki fengið samninga síðan árið 2008, en svo skiptir máli að nánast öll félögin innan BHM hafa samþykkt að standa sameiginlega að viðræðum um laun og önnur kjör og því er við eina viðræðunefnd háskólanna að eiga. Að undanfögnu hefur verið um það rétt innan BSRB hvort við ættum að fara sömu leið og BHM og semja sameiginlega um launaliðinn, en niðurstaðan var sú að það væri of seint að stíga slíkt skref. Hvert félag fyrir sig fer því með viðræður um launalið næstu kjarasamninga,“ segir Kristín.

Fulltrúar ríkisins hafa verið í viðræðum við starfsmenn ríkisstofnana, SFR, og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, auk BHM, og liggja samningar fyrir en atkvæðagreiðsla er ólokið.

„Það verður varla rétt í alvöru við okkur um nýjan samning fyrr en þessi félög hafa lokið sínum samningum. Við höfum átt einn fund með ríkinu og í sjálfu sér ekki verið neitað um frekari fundi til að ræða málin. En mat okkar er að það hafi ekki mikinn tilgang fyrr en samningar við fyrrnefndu stéttarfélögin hafa verið samþykktir,“ segir Kristín. „Varðandi sveitarfélögin og sjálfseignarstofnanirnar þá hefur staðan yfirleitt verið sú að þessir viðsemjendur okkar hafa viljað bíða eftir því að ríkið ljúki samningum. Engu að síður hefur komið fram hjá samningamönnum sveitarfélaganna að þeir séu tilbúnir til sjálfstæðra viðræðna. Þeir hafa til dæmis átt í samningaviðræðum við starfsmannafélög sveitarfélaganna og samið við hluta þeirra. Eftir því sem næst verður komist hefur sú vinna verið



Á fundi með forráðamönnum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um framkvæmd á Bókun 1, frá vinstri: Jón Helgi Björnsson, forstjóri, Sigurrós Þórarinsdóttir, sjúkraliði, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ.

á sömu nótum og samningar sem gerðir voru á almenna vinnumarkaðnum.“

Kröfugerðin

Sjúkraliðar tóku þátt í að móta sameiginlegar kröfur BSRB, en fara sjálfir með samninga um launaliðinn.

„Helstu sameiginlegu kröfur félanna í BSRB fjalla um aukin réttindi starfsmanna, ekki síst þeirra sem stunda vaktavinnu. Farið er fram á styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk, og þær stéttir sem vinna við mjög erfiðar aðstæður fái styttingu starfsævinnar. Þar er líka krafa um auknar tryggingar til þeirra sem eru að starfa við hættulegar aðstæður. Þá krefjumst við þess að

ríkið greiði áfram í svokallaðan mannaauðspott, og að sveitarfélögin geri slíkt hið sama, en það hafa þau ekki gert til þessa. Ennfremur að gengið verði frá því hvernig staðið verði að skilum atvinnurekenda á sínum hluta iðgjaldanna í lífeyrissjóðina.“

- *Hverjar eru kaupkröfur félagsins?*

„Ég vil fyrst minna á að við efndum til ítarlegrar kjarakönnunar meðal félagsmanna, en þar var bæði kannað hvernig sjúkraliðar standa í launum í dag, og eins hvað kröfur sjúkraliðar gera fyrir komandi kjarasamninga. Í þeim viðræðum sem í hönd fara munum við nýta okkur þær upplýsingar sem þarna koma fram. En almennt séð munum við leggja áherslu

á það í okkar kröfum að horft verði til þess kaupmáttar sem við höfðum fyrir hrún. Við gerum okkur að sjálfsögðu fulla grein fyrir þeim erfiðleikum sem þjóðfélagið stendur í, en viljum eigi að síður reyna að nálgast aftur fyrri kaupmátt.

Við munum einnig horfa til kröfunnar um svokallaðan kynjapott, en þar er ekki aðeins verið að ræða um að jafna kynbundinn mismun innan stéttarféлага heldur einnig á milli kvenna- og karlastétta, en það hefur alltaf verið okkar baráttumál. Við teljum nauðsynlegt að settur verði á fót kynjapottur og úr honum deilt í samræmi við niðurstöður rannsóknna á því hvernig kvennastéttir standi samandi við sambærilegar karlastéttir.“

Kvennastörf verði metin til jafns við karlastörf

20. fulltrúafing SLFÍ skorar á ríki og sveitarfélög að ganga nú þegar til raunverulegra kjarasamningaviðræðna við Sjúkraliðafélag Íslands. Sjúkraliðar hafa verið samningslausir við sveitarfélögin á annað ár og við ríkið hátt í sex mánuði.

Félagið hefur ítrekað bent á að verulega hallar á samningsstöðu verkalyðsfélaganna gagnvart atvinnurekendum. Atvinnurekendur komast upp með að draga viðræður á langinn eða setja upp einhverskonar sýndarviðræður og halda starfsmönnum án

eðlilegra launahækkana eins lengi og þeim hugnast. Fulltrúafingnið gerir kröfu um að með lagasetningu verði komið fyrir slíka mismunun.

20. fulltrúafing SLFÍ krefst þess að laun stéttarinnar verði leiðrétt og kvennastörf metin til jafns við karlastörf.

20. fulltrúafing SLFÍ krefst þess að álag og erfiði vaktavinnu verði viðurkennt og vinnuvika vaktavinnustarfsmanna verði 32 stundir.

Setningarræða við upphaf 20. fulltrúaþings SLFÍ

Stéttin stoltari og upplitsdjarfari

„20 ár er töluverður tími þegar lítið er til mannsævinnar, en kannski ekki svo mjög þegar lítið er til starfsemi heils stéttarfélags eins og Sjúkraliðafélags Íslands. Það eru liðin rúm 20 ár síðan stéttin náði þeim áfanga að fá réttindi til þess að semja sjálf um kaup og kjör. 20 ár eru liðin síðan stéttin hélt sitt fyrsta fulltrúaþing. Á þeim tíma sem liðinn er hefur margt gerst sem gert hefur stéttina stoltari og upplitsdjarfari,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, í setningarræðu sinni við upphafi þingsins.

Mjög góð mæting var á fulltrúaþingið sem haldið var á Grand hótél í Reykjavík 12. maí síðastliðinn. Auk venjubundinnar dagskrár voru afgreiddar ályktanir sem gera meðal annars kröfu á viðsejendur félagsins að ganga nú þegar til kjarasamninga við stéttina. Allar ályktanir þingsins eru birtar hér í blaðinu.

Tókst að fylkja liði

„Í upphafi voru helstu baráttumál félagsins að fá alla starfandi sjúkraliða til þe að fylkja liði og ganga í Sjúkraliðafélag Íslands. Sú barátta hefur skilað þeim árangri sem eftir var sóst. Í dag hugsa nýútskrifaðir sjúkraliðar sig ekki um, þegar kemur að því að hefja starf, annað en að ganga í félagið sitt eins og þeir segja gjarnan,“ sagði Kristín enn fremur í setningarræðu sinni.

„Stéttin hefur náð gríðarlegum árangri varðandi viðurkenningu á því að sjúkraliðar séu komnir til þess að vera sem fagstétt, þó að auðvitað vildum við sjá það í skýrara ljósi. Engin talar um annað en að fagstétt sjúkraliða sé þörf. Engin talar um annað en að sjúkraliðar sé hjúkrunarstétt. Fyrir þeirri viðurkenningu þurfti að berjast grimmt. Meira að segja þurfti að fá sjúkraliða sjálfa til þess að sjá sig í því ljósi. Stéttin hefur náð þeim árangri að menntun hennar er viðurkennd og menntunin hefur aukist enn meir, bæði með breytingu á grunnmenntuninni og með tilkomu leiðbeinenda, en einnig hefur sérnám sjúkraliða komið til sögunnar með þeirri viðurkenningu sem því fylgir.“



Kristín Á. Guðmundsdóttir í ræðustól á fulltrúaþinginu.

Hörð kjarabaráttu

„Það var mikið baráttumál stéttarinnar að laun og önnur kjör hennar færu á betri veg en fyrir var. Það tókst einnig. En sjúkraliðar þurftu að hafa fyrir því. Ekkert er fært upp í hendurnar á okkur á silfurfati eins og við höfum sagt þegar kemur að því að berjast þarf fyrir einhverju. Sjúkraliðar hafa mörgum sinnum lagt niður störf til áréttingar kröfum sínum. Meira að segja eiga margir sjúkraliðar skemmtilegar minningar frá þessum baráttutíma. Samstaðan var einstök og allir lögðust á eitt til þess að takmarkinu yrði náð. „Samstaða er afl sem ekkert fær staðist“ var yfirskrift baráttu undanfarinna ára og stendur enn fyrir sínu.

„Það eru erfiðir tímar, það er atvinnuþref. Ég hef ekkert að bjóða, ekki ögn sem ég gef,“ orti skáldið Halldór Kiljan Laxness. Þessar línur segja okkur að það ástand sem nú er uppi í þjóðfélaginu er ekki nýtt af nálinni. En eins og allir vita hefur efnahagshrun íslensku þjóðarinnar komið hart niður á öllum þjónustustörfum hjá ríki og sveitarfélögum. Hvað

harðast hefur það bitnað á heilbrigðisstofnunum sem þó höfðu ekki riðið feittum hesti frá hinu svokallaða góðæri. Meðal annars er það ástæðan fyrir minnkaðri starfsþróun sjúkraliða, horfinni yfirvinnu, auknu álagi og veiku starfsfólki sem samt sem áður mætir til vinnu vegna hræðslu um að missa vinnuna.

En ég segi við ykkur ágætu sjúkraliðar, þetta ástand verður ekki viðvarandi. Það er áfram þörf fyrir sjúkraliða og trúlega er þess alls ekki langt að bíða að það komi enn betur í ljós. Kannski er þetta ástand bara hollt fyrir stéttina. Kannski munum við læra það af þessu að stéttin þarf að hafa fyrir því að halda sínu og berjast fyrir því að komast enn lengra. Fyrir þremur árum þegar allt lék í lyndi var eins og kominn væri doði yfir sjúkraliða. Þeir voru hættrir að mæta á boðaða fundi. Allt átti að koma af sjálfu sér og fólk taldi að nú væri búið að ná því sem við börðumst fyrir. Búið var að gleyma því að það þarf alltaf að halda áfram að berjast fyrir hlutskipti stéttarinnar.“

Höldum áfram að sækja fram

„Aðaláherslumál stéttarinnar til framtíðar lítið eru kjaramálin. Þeirri baráttu lýkur aldrei. Þar þurfa sjúkraliðar að halda áfram að sækja fram. Hafa kjark og þor til þess að láta að sér kveða. Baráttunni um kjörin líkur aldrei. Þess vegna er það svo mikilvægt að hafa það markmið að efla baráttugleðina. Þegar á það er lítið, þá er alltaf betra að njóta þess að vera til hvort sem það er samveran með fjölskyldunni, eða þá að sinna þeirri skyldu sem við höfum sem fagstétt.“

Kristín sagði að lokum að „fróðlegt væri að vita hvernig umhofs verður hjá stéttinni eftir önnur 20 ár. Hvar skyldi hún standa varðandi: réttindi, viðurkenningu, fjölda, menntun, launum og það sem mestu skiptir, líðan í starfi. Ég hef þá trú að það muni koma í ljós að mikill framgangur eigi eftir að eiga sér stað og að stéttin verði virt og viðurkennd ekkert síður en nú er. Hinsvegar er það undir ykkur sjúkraliðar góðir komið hvernig fer.“

Baráttunni um kjörin lýkur aldrei



Tuttugasta fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands var vel sótt á Grand hótél. Hér sést hluti þátttakenda.

Skýrsla stjórnar til 20. fulltrúaþings SLFÍ

Álag á sjúkraliða hefur margfaldast

Í ársskýrslu síðasta árs kom fram að aðaláherslan hefði verið á að vernda störf og réttindi félagsmanna. Fjöldi mála höfðu komið til afgreiðslu hjá Réttindanefnd BSRB, lögfræðingi BSRB, Lögmonnum Mörkinni og síðast en ekki síst höfðu formaður og framkvæmdastjóri SLFÍ leyst úr mörgum málum með fundum og viðtölum við yfirmenn stofnana. Þessar áherslur hafa ekki breyst nema síður sé, segir í ársskýrslu stjórnar og starfsnefnda félagsins sem lögð var fram á fulltrúaþingi 12. maí síðastliðinn.

Þingið var haldið á Grand hótél í Reykjavík, og fóru þar fram hefðbundin aðalfundarstörf stéttarfélagsins. Ennfremur voru samþykktar ýmsar ályktanir sem birtar eru hér í blaðinu. Meginatriðin í skýrslu stjórnarinnar fara hér á eftir.

Áfram niðurskurður

Það hefur ekki farið framhjá nokkrum að framhald hefur verið á miklum niðurskurði á störfum hjá hinu opinbera og hefur sjúkraliðastéttin ekki farið varhluta af því. Stofnanir hafa verið sameinaðar, yfirvinna tekin af, sjúkraliðum gert að minnka starfsþéttu sína, stöður lagðar niður og sjúkraliðum sagt upp störfum. Þeir látnir hlaupa enn hraðar við vinnu sína.

Öllum þessa þáttum hefur félagið staðið frammi fyrir og þurft að mæta á liðnu starfsári og hefur það verið veigamikill þáttur í starfi félagsins. Fulltrúar þess hafa aðstoðað trúnaðarmann og einstaklinga við að koma á framfæri mótmælum við því gríðarlega álagi sem er á stéttinni. Það hefur verið gert með fundum, greinaskrifum, lögfræðiálitum og



Starfsmenn þingsins, frá vinstri: Anna Björgmundsdóttir og Birna Ólafsdóttir, forsetar, og Kristín Gísladóttir og Margrét Tómasdóttir, ritarar.

dómsmálum. Gríðarlegt álag hefur verið á skrifstofu félagsins, sem hefur verið undirmonnuð í öllum þessum átökum, mikið álag á símkerfi og mikil tölvusamskipti.

Í dag er fjöldi atvinnulausa sjúkraliða 32 á öllu landinu. Einnig hafa sjúkraliðar flutt af landi brott. Álag á sjúkraliða hefur margfaldast og er svo komið að margir hverjir hafa þegar kíknað undan vinnuálagi, með öllum þeim vandamálum sem því fylgja bæði andlega og líkamlega.

Stóraukið álag

Að sama skapi hefur álag á starfsendurhæfingarráðgjafa aukist til muna og hefur nú verið bætt við ráðgjafa m.a. af þessum sökum. Þá hafa fagstéttir innan BSRB, það er Sjúkraliðafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sameinast um að ráða verkefnastjóra trúnaðar-

manna. Verkefnastjórinn hefur það hlutverk að verða trúnaðarmönnum til ráðuneytis við að sinna hlutverki trúnaðarmanna við samstarf þeirra við atvinnurekendur. Miklar væntingar eru til verkefnisins sem mun standa í eitt til tvö ár allt eftir fjárhagslegum möguleikum félaganna, en mannauðspottur BSRB styrkir átakið. Þegar hefur Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verið ráðinn til starfa, en hann byrjaði um síðustu mánaðamót.

Félaginu barst yndislegur liðsauki á starfsárinu þegar séra Ægir Fr. Sigurgeirsson óskaði eftir fundi með formanni SLFÍ til að bjóða fram starfskrafta sína í þágu sjúkraliðastéttarinnar. Ægir býður upp á sálgaeslu og handleiðslu fyrir félagsmenn án þess að taka greiðslu fyrir. Eins og fram kom í máli hans þá hefur honum runnið til rifja að vita hvernig sjúkraliðum líður í starfi sínu. Sjúkraliðar geta hvenær sem er hringt á skrifstofuna og pantað tíma hjá sr. Ægi. Nú þegar hafa marg-



Ingibjörg M. Jóhannsdóttir, Sjálfsbjörg, formaður kjörstjórnar í ræðustól.



Selma K. Albertsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, formaður laganevndar fjallar um tillögur til breytinga á lögum félagsins.



Brynja B. Magnúsdóttir, LSH, fulltrúi uppstillingarnefndar gerir grein fyrir tillögum nefndarinnar.

ir sjúkraliðar nýtt sér þessa þjónustu. Einnig má geta þess að eftir þessu hefur verið tekið bæði innan BSRB og einnig í fjölmiðlum sem hafa fjallað um þessa þjónustu.

Versnandi ástand

Formaður og framkvæmdastjóri, ásamt formanni fræðslunefndar, hafa farið vítt og breitt um landið á vinnustaðafundi með sjúkraliðum. Flestir fundir hafa verið haldnir vegna þess álags sem er á vinnustöðum sjúkraliða. Sýnilegt er að þörfin fyrir fundina er gríðarlega mikil og brýnt að haldið verði áfram á sömu braut.

Ástand á vinnumarkaði sjúkraliða hefur versnað, töluvert hefur verið reynt að skerða umsamin kjör og brjóta lögbundin réttindi. Því hefur félagið þurft að halda uppi miklum og sterkum vörnum fyrir stéttina í formi lögfræðiþjónustu. Mörg mál hafa farið fyrir dómastóla eða eru á leið þangað, en öðrum er lokið. Má þar nefna ágreining um greiðslu aksturspeninga á Garðvangi, en það mál vannst í Félagsdómi. Mál sjúkraliða á Ási í Hveragerði, sem tapaðist í undirrétti, var áfrýjað til Hæstaréttar og vannst þar. Mál sjúkraliða á dvalarheimilinu í Stykkishólmi var einnig áfrýjað til Hæstaréttar og vannst þar. Mikil vinna var með lögmönnum að verja rétt sjúkraliða sem starfar á landsbyggðinni, en yfirmenn þar töldu sig hafa ofgreitt laun. Niðurstaða náðist í það mál með lögmönnum án afskipta dómstóla. Þessi mál hafa það í för með sér, eins og fram kemur í reikningum félagsins, að mikill kostnaður er þeim samfara, en hafa ber í huga að eitt af aðalmarkmiðum með starfsemi stéttarfélagsins er að tryggja félagsmönnum lögbundin réttindi.

Skrifstofa félagsins

Starfsmenn á skrifstofu félagsins eru: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri, Margrét Tómasdóttir, bókari, Lilja Laxdal, starfsmaður og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, verkefnastjóri. Mikið reynir á það ágæta fólks sem starfar á skrifstofunni og er oft mjög erfitt að koma því svo fyrir að fleiri en einn séu inni samtímis vegna annarra verkefna svo sem funda og fleira. Starfsmenn eru undir miklu álagi sem er í raun endurspeglun á því ástandi sem er í þjóðfélaginu. Ástandið á vinnumarkaðinum hefur margfaldað þau mál sem koma

inn á borð félagsins. Þau þarf að skilgreina, skrá og afgreiða á einn eða annan hátt, sama hvort málið er stórt eða smátt.

Breyting á mönnuninni á skrifstofunni. Margrét Tómasdóttir verður áfram í 50% starfshlutfalli og 50% veikindaleyfi. Verið er að auglýsa eftir starfsmanni á móti Margrétu í 50% starf. Sameiginlegur starfsmaður fyrrnefnds verkefnis SLFÍ, LL,TFÍ og LSÍ (fagstéttafélag inni BSRB) er á skrifstofu félagsins.

Félagsstjórnin

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands var þannig skipuð á liðnu starfsári: Kristín Á Guðmundsdóttir formaður, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Jóhanna Traustadóttir, ritari, Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri, Erla Linda Bjarnadóttir, Vesturlandsdeild, Guðlaug Sveinbjarnardóttir, Vestfjarðadeild, Albert Stefánsson, Norðurlandsdeild vestri, Jóhanna Þorleifsdóttir, Norðurlandsdeild eystri, Steingerður Steingrimsdóttir, Austfjarðardeild, Torfhildur Þórarinsdóttir, Vestmannaeyjadeild, Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandsdeild, og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Suðurnesjadeild. Varamenn í framkvæmdastjórn: Gurí Liv Stefánsdóttir, vararitari, Sif Eiðsdóttir, varagjaldkeri.

Félagsstjórn hefur fundað fjórum sinnum á starfsárinu, en framkvæmdastjórn sautján sinnum.

Skýrsla kjaramálanefndar

Í kjaramálanefnd félagsins sitja: Ingibjörg Friðriksdóttir, Jóhanna Traustadóttir, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, Hólmfríður I. Eiríksdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir, Ragna Ágústsdóttir og Þórunn M. Ólafsdóttir.

Á starfsárinu, það er í október 2010, náðust kjarasamningar við fjármálaráðuneytið. Í framhaldi af því samdist við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, SFH. Þessir samningar runnu út í desember síðastliðinn og er nú verið að vinna að kjarasamningum á nýjan leik.

Kjarasamningar félagsins við sveitarfélögin hafa aftur á móti ekki náðst en gert var samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um að í komandi kjarasamningum yrðu sjúkraliðum hjá sveitarfélögum reiknaðar afturvirkar bætur fyrir þann mun sem orðinn er á samningum sveitarfélaga og ríkisins.

Eitt af aðalmarkmiðum með starfsemi stéttarfélagsins er að tryggja félagsmönnum lögbundin réttindi

Reykjavíkurborg heftur aftur á móti neitað öllum lagfæringum á launum sjúkraliða og er það mál enn hjá Ríkissáttasemjara. Félagið samþykkti að þau réttindamál sem verið hafa í skoðun frá því að stöðugleikasamningurinn var gerður 2009, verði áfram á sameiginlegu borði BSRB. Þar er meðal annars um að ræða verkefni í tengslum við vaktavinnufyrirkomulag, slysatryggingar, bætta stöðu trúnaðarmanna og fleira sem vinna átti að á samningstímanum.

Félagið hefur verið með kjarakönnun á heimasíðu félagsins. Svörun var tæp 40%. Þar má greina skoðun sjúkraliða á ýmsum þáttum sem koma kjaramálanefnd til góða við vinnu sína. Félagið hefur einnig haldið fjölda kjaramálafrunda bæði á vinnustöðum og í BSRB salnum. Þátttaka í slíkum fundum er misjöfn og frekar dræm á köflum. Nú er til umræðu hvort að félög innan BSRB semji sameiginlega um launaliðinn.

Starf uppstillingarnefndar

Fyrsti fundur nefndarinnar var í febrúar síðastliðinn í húsakynnum Sjúkraliðafélagsins. Þar hittumst við í nefndinni auk varamanna og fórum yfir starfsemi og hlutverk nefndarinnar ásamt Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkraliðafélagsins, og Jóhönnu Traustadóttur, fráfarandi nefndarmanni uppstillingarnefndar. Alls voru haldnir 3 fundir á árinu.

Nefndin er skipuð nýjum meðlimum í öllum sætum að þessu sinni. Farið var yfir lista hvernar nefndar og kannað hversu margir ljúka nefndarsetu í ár og eins hvort eitthvað þyrfti að leiðrétta kjörtíma í nefndum félagsins svo að ekki gangi allir nefndarmenn út í einu. Sú vinna var vel á veg komin og að mestu lokið hjá síðustu uppstillingarnefnd.

Auglýst var á heimasíðu félagsins og leit að eftir nýjum félagsmönnum í nefndir, og eins sendar út auglýsingar í tölvupósti og hengdar upp á deildum. Þetta skilaði okkur 4 félagsmönnum sem gáfu kost á sér og eru þeir með í tillögum okkar fyrir næstu starfsár. Nokkuð vel gekk að finna félagsmenn til að starfa í nefndum. Nefndin þakkar öllum nefndamönnum vel unnin störf á starfsárinu sem er að ljúka.

Einnig skoðaði uppstillingarnefndin hlutfall hvernar landshlutadeildar SLFÍ í fastanefndum félagsins fyrir það starfsár sem er að líða, bæði var tekinn saman fjöldi nefnd-

arsæta og nefndarmanna sem í þeim voru. Að félagstjórn og framkvæmdastjórn meðtöldum eru sætin 75 í nefndum SLFÍ og hlutföll deildanna eins og hér segir:

Reykjavíkurborg (RVKD) 51 nefndarsæti = 43 nefndarmenn. Vesturlandsdeild (VLD) 2 nefndarsæti = 1 nefndarmaður. Vestfjardeild (VFD) 4 nefndarsæti = 3 nefndarmenn. Norðurlandsdeild vestri (NLDV) 2 nefndarsæti = 2 nefndarmenn. Deild sjúkraliða á norðurlandi eystra (DSNE) 5 nefndarsæti = 5 nefndarmenn. Austurlandsdeild (AULD) 2 nefndarsæti = 2 nefndarmenn. Suðurlandsdeild (SLD) 6 nefndarsæti = 5 nefndarmenn. Vestmanneyjadeild (VED) 1 nefndarsæti = 1 nefndarmaður. Suðurnesjadeild (SND) 2 nefndarsæti = 1 nefndarmaður.

Tillaga uppstillingarnefndar í fastanefndir Sjúkraliðafélags Íslands liggur fyrir og verður borin upp á þingi SLFÍ.

Útgáfa Sjúkraliðans

Ritnefnd er skipuð 3 félagsmönnum, auk varamanns og er kosin á fulltrúaþingi til 3 ára. Ritnefnd skipa: G. Steinunn Kristófersdóttir, Júlíus Snorrason og Jón Símon Gunnarsson. Varamaður: María Busk. Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir málgagni félagsins „SJÚKRALIÐINN.“

Frá síðasta fulltrúaþingi hafa verið gefin út fjögur tölublað Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða fyrir komandi orlofstímabil.

Blaðið er mjög vandað að allri gerð og prýtt fjölda ljósmynda. Ritnefnd hefur kappkostað að hafa blaðið sem fjölbreytilegast í efnisvali.

Blaðið Sjúkraliðinn er gefið út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnana, ráðherra, alþingismanna, ýmissa ráðamanna og annarra sem hafa áhuga á málefnum sjúkraliða.

Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna, ritgerðir sjúkraliða og annað efni eftir sjúkraliða sem ritnefnd finnst eiga erindi til okkar allra. Kynntar hafa verið stofnanir og störf sjúkraliða þar sem sýnt er hvað störf sjúkraliða eru fjölbreytileg. Einnig eru í blaðinu greinar um kjaramál, lífeyrismál og annað efni sem er í brennidepli.

Sú nýjung hefur verið tekin upp að Sjúkraliðinn er birtur á heimasíðu félagsins í raf-rænu flettförri sem auðveldar aðgang að blaðinu.

Ritnefnd vill þakka öllum sem komið hafa



Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri, skýrir reikninga félagsins.



Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, í ræðustól á fulltrúaþinginu.



Nýráðinn verkefnisstjóri, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Framhald hefur verið á miklum niðurskurði á störfum hjá hinu opinbera

að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Starfsemi laganevndar

Laganevnd skipa: Selma K. Albertsdóttir, Sigríður Konráðsdóttir og Jón Símon Gunnarsson. Varamaður Ásta Jónsdóttir.

Starfsárið hefur gengið vel fyrir sig að venju. Haldinn var einn formlegur fundur en einnig nokkrir óformlegir á starfsárinu.

Tvö erindi bárust laganevnd frá félagsstjórn SLFÍ. Annars vegar var ósk um breytingu á 19. grein félagslaga þannig að í stað þess að fulltrúaðing sé boðað með fjögurra vikna fyrirvara verði því breytt í tveggja vikna.

Niðurstaða laganevndar var að eðlilegt sé að breyta þessu í lögum og sníða löginn að þeim breytingum sem orðið hafa á skilvirkni upplýsinga með tilkomu rafræna póstsendinga innan félagsins. Því gerir laganevnd engar athugasemdir við fram komna tillögu.

Hins vegar var óskað eftir breytingu á 4. kafla, 10. greinar félagslaga þannig að Hvammstangi tilheyri Vesturlandsdeild. Rökin voru þau að eftir að sameining heilbrigðisstofnana á Vesturlandi átti sér stað var Heilbrigðisstofnunin á Hvammstanga lögð niður og tilheyrir nú Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Laganevnd telur það ekki brjóta í bága við lög og reglur félagsins að þessi breyting verði gerð.

Einnig leggur nefndin áherslu á að þingið taki afstöðu til þess að þar sem Norðurlandsdeild vestri varð fyrir afgerandi skerðingu á fjölda félagsmanna við það að Siglufjörður færðist yfir til Norðurlandsdeildar eystri, verði skoðað hvort ekki væri eðlilegast að Norðurlandsdeildirnar verði sameinaðar í eina deild.

Afgreiðslu beggja þessara tillagna verði síðan vísað til fulltrúaðings í maí 2011 til endanlegrar afgreiðslu.

Starfsemi orlofsnevndar

Orlofsnevnd SLFÍ er þannig skipuð: Þórey Sigurðardóttir, Jóhanna Svana Sigurvinsdóttir, Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir og til vara: Halldóra Lydía Þórðardóttir.

Stjórn Orlofsfjórðs Sjúkraliðafélags Íslands hélt átta stjórnarfundi á starfsárinu. Í stjórnina kom Halldóra Lydía Þórðardóttir í stað Kristínar Valdísar Sigurðardóttur.

Stjórnin leggur sig ávallt fram um að nýta fjármunissjóðsins sem best í þágu félagsmanna. Á árinu var lögð áhersla á ferðir innanlands og meðal annars boðið upp á gönguferðir um Snæfellsnes og inn á hálendið. Veiðikortið og Útilegukortið voru niðurgreidd fyrir félagsmenn og seldust vel. Einnig var boðið upp á frítt golf í ákveðnum bústöðum félagsins og

var sá möguleiki vel nýttur.

Áhersla hefur verið á að viðhalda eignum félagsins, rúm hafa verið endurnýjuð, pallar stækkaðir, auk annars almenns viðhalds. Stjórn orlofsfjórðs telur eignir félagsins almennt vera í mjög góðu ásigkomulagi, en kominn er tími á endurbætur á bústaðnum í Úthlíð og verður farið í þær fyrir komandi orlofstímabil.

Orlofsnevnd félagsins leggur áfram metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu. Leitast hefur verið við að bjóða upp á einhverja nýbreytni hverju sinni og einnig haldið áfram með það sem vel hefur gefist.

Helstu nýjungar sumaríð 2011 eru gönguferð um Torfajökulssvæðið, gönguferð um



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, setti þingið og flutti skýrslu stjórnar.

Jökulsárgljúfur og gönguferðir um Skotland. Þá verður Úthlíð endurnýjuð og hundar leyfðir. Ekki verða dregnir orlofspunktur af félagsmönnum fyrir kaup á hóteliðum, Útilegukorti, Veiðikorti, flugmiðum og fjöldi flugmiða verður ekki takmarkaður samkvæmt samkomulagi við Iceland Express og Icelandair.

Stjórn orlofsfjórðs leggur áfram aðaláherslu á fjölbreytta afþreyingu og ferðir innanlands fyrir félagsmenn en mun áfram bjóða upp á möguleika á gistingu erlendis með íbúðunum á Spáni og í Danmörku. Ítarleg lýsing á orlofsdvalar- og ferðakostum sumarsins birtust í orlofsblaði SLFÍ.

Upp hafa komið vandamál vegna slæmrar umgengni félagsmanna varðandi þrif og frágang orlofshúsa. Orlofsnevnd hefur ákveðið að áskilja sér rétt til að bregðast við hverju

Í dag er fjöldi atvinnulausra sjúkraliða 32 á öllu landinu

slíku máli og beita viðurlögum ef þurfa þykir. Lögð er rík áhersla á að félagsmenn virði eigin sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig er mögulegt að losna við að ráða umsjónarmenn með orlofs- eignum félagsins. Ákvörðun sem hefði í för með sér verulega hækkun leigugjalda.

Starfsemi fræðslunefndar

Í fræðslunefnd Sjúkraliðafélagsins sitja: Birna Ólafsdóttir, SLFÍ, Anna Björgmundsdóttir, Vestfjarðadeild, Birkir Högnason, Vestmannaeyjadeild, og varamaður: Jóhanna Garðarsdóttir, Reykjavíkudeild. Nefndin hélt fjóra formlega fundi, auk samskipta á netinu. Fulltrúar nefndarinnar frá landsbyggðinni voru ýmist á staðnum eða í síma.

Fundirnir voru allir haldnir í húsnæði félagsins að Grensásvegi 16. Varamaður á þess kost að sitja alla fundi nefndarinnar. Helstu verkefni fræðslunefndarinnar á síðasta starfsári: Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun. Sí- og endurmenntun sjúkraliða. Kynning á Sjúkraliðafélagi Íslands í framhaldsskólum. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn. Viðurkenning á menntun sjúkraliða í Danmörku. Raunfærnimat. Afgreiðsla erinda. Verkefni fræðslunefndar eru aldrei fullklárað og þannig á það að vera í lifandi félagi.

Í desember 2010 útskrifuðust síðustu sjúkraliðarnir í bili úr framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun. Í janúar 2011 byrjuðu 19 sjúkraliðar í nýju framhaldsnámi fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun. Námið er í samræmi við nýja námskrá á fjórða þrepi framhaldsskólans. Nemendur þurfa að hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í að minnsta kosti 3 ár. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámi í lyfhrifafræði/lyfjafræði og hafi góða enskukunnáttu. Einnig er gerð krafa um að

nemendur hafi góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið helstu ritvinnsluforritum. Fyrstu önninni er nú lokið og eru sjúkraliðar í heildina ánægðir með framvindu námsins og bíða spennir eftir framhaldinu.

Aldreí í sögu Framvegis hefur aðsókn að námskeiðum fyrir sjúkraliða verið jafn mikil og á síðasta starfsári. Boðið var upp á nokkur ný námskeið á haustönn, fjarkennslunámskeiðum fjölgað og haldið áfram að bjóða upp á námskeið sem ávalt fyllast. Núna er verið að undirbúa námsframboð fyrir næstu haustönn og verða ný og eldri vinsæl námskeið í boði. Námsstoðir fyrir norðan hafa einnig boðið upp á ný og fjölbreytt námskeið sem hafa verið vel sótt. Það er von fræðslunefndar að sjúkraliðar haldi áfram að sækja sér sí- og endurmenntun eins og þeir hafa gert í langan tíma.

Í nóvember síðastliðinn heimsótti formaður fræðslunefndar og formaður ungliðadeildar sjúkraliðanema Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og Fjölbrautaskólana í Breiðholti og við Ármúla. Á þessa fundi koma einnig formenn viðkomandi deilda og kynna sínar deildir. Einnig var farið í Fjölbrautaskólann við Ármúla á vorönn. Þessar heimsóknir hafa mælst vel fyrir bæði hjá kennurum og sjúkraliðanemum. Sjúkraliðanemar skrá sig í félagið, án allra skuldbindinga en fá blaðið og vaktabókina og geta sótt um orlofshús á veturna. Miklar umræður skapast í þessum heimsóknum um réttindi og laun og fyrir hvað Sjúkraliðafélagið stendur. Mæting er afar góð í flestum tilvikum.

Mikil og góð þátttaka hefur verið meðal trúnaðarmanna sjúkraliða á trúnaðarmannanámskeiðin sem BSRB hefur boðið upp á í samvinnu við stéttarfélagin. Áfram verður boðið upp á námskeið í haust, ef næg þátttaka fæst.

Fræðslunefndin fékk það verkefni frá framkvæmdastjórn félagsins að gera athugun á hvað hægt væri að gera til þess að auðvelda íslenskum sjúkraliðum að fá viðurkennt starfsleyfi í Danmörku. Íslenskum sjúkraliðum hefur verið synjað um starfsleyfi á þeim forsendum að íslenska námið uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til danskra sjúkraliða. Námskrá sjúkraliðabrautar hefur verið þýdd á ensku og send til Sundhedsstyrelsen í Danmörku, þar sem fram kemur að íslenska námið er sambærilegt við það danska. Nefndin fékk til liðs við sig Ólaf Grétar Kristjánsson í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem benti á að það væri verið að brjóta Evrópusambandslögin með þessari afgreiðslu. Einnig sendi fræðslunefndin kvört-

unarbréf til utanríkisráðuneytisins og benti á EES-samninginn. Áður hafði formaður félagsins rætt við utanríkisráðuneytið sem lofaði að ganga í málið. Í dag er ekki vitað til að íslenskir sjúkraliðar sem óska eftir starfsleyfi í Danmörku hafi lent í erfiðleikum með að fá það og vonast er til að þetta mál sé úr sögunni.

Fræðslunefndin óskaði eftir því við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að fá kynningu á raunfærni/raunfærnimati. Til kynningarinnar kom Haukur Harðarson. Raunfærnimatið hefur verið í þróun síðan árið 2004. Grunnkenningin fyrir slíkt mat er að þó svo að einstaklingurinn hafi ekki verið í skóla hafi hann lært ýmislegt í lífsins skóla. Iðngreinar hafa verið að nota raunfærnimatið

fjarkennslu og vill með því stuðla að auknu framboði og sveigjanleika í námi og símenntun.

Framvegis býður nokkrar námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) til kennslu. Námskrár FA eru vottaðar af menntamálaráðuneytinu, eru niðurgreiddar og metnar til framhaldsskólaeininga. Þó ber að hafa í huga að framhaldsskólum er í sjálfvald sett hvernig þeir meta námið. Framvegis hefur um langt árabil hannað símenntunarnámskeið fyrir sjúkraliða. Námskeiðin eru hönnuð í fagráði Framvegis þar sem koma saman aðilar frá Sjúkraliðafélaginu, vinnu-markaði, framhaldsskóla og faglegur aðili í viðkomandi grein. Einnig hafa verið hönnuð námskeið með svipuðum hætti fyrir félags-



Þingfulltrúar fylgjast með skýrslu stjórnar, starfsnefnda og deilda.

mikið og hafa nú þegar í kringum 1000 manns farið í gegnum raunfærnimat. Fræðslunefndin mun fylgjast vel með þessari þróun.

Framvegis símenntunarmiðstöð

Framvegis var stofnað árið 2001 til að koma til móts við símenntunarpörf sjúkraliða og annarra heilbrigðisstétta. Nú eru haldin ýmiskonar starfsþróunar- og símenntunarnámskeið hjá Framvegis samkvæmt námskrám Fræðslusetur Starfsmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eða sem hafa verið þróuð hjá Framvegis. Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann fái jákvæða, skemmtilega og lærdómsríka upplifun. Framvegis sérhæfir sig í

liða og tanntækna. Þátttakendum býðst að sitja námskeiðin „heima í stofu“ með hjálp fjarkennslubúnaðar. Það eina sem þarf er tölva með sæmilegri nettengingu. Með þessu móti svarar Framvegis þörf fjölmargra og ekki síst landsbyggðarinnar til þátttöku í námskeiðunum. Fulltrúi SLFÍ í stjórn Framvegis er Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði.

Fræðslunefnd BSRB

Eitt af helstu verkefnum Fræðslunefndar BSRB á starfsárinu er að hafa forgöngu um forystufræðslu stjórnar- og starfsmanna aðildarfélaga BSRB. Markmið þessara fræðslu er að efla þekkingu og fagmennsku félaganna í starfshlutverkum sínum. Virkja lýðræðislega þátttöku í öllu starfi aðildarfélaganna. Styrkja liðsheild og samstöðu og efla upplýsingamiðlun meðal lykilmálsmanna BSRB. Styrkja stjórnendahæfni til að leiða fjölbreytt verkefni aðildarfélaganna og efla skilning á breyttum þörfum félagsmanna og nýjum áherslum í þjónustu stéttarfélaganna.

Forystufræðsla BSRB er heilstæð náms-

Félagið hefur haldið fjölda kjaramála fundu á vinnustöðum og í BSRB salnum

leið sem skiptist í 22 námskeið sem spanna alls 134 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum ákveðin viðfangsefni. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjál. Búið er að skipa í stýrihóp námsins, sem ákveður hvaða tímasetningar henta og hvaða námskeið eru kennd hverju sinni. Áætlað er að hefja kennslu á komandi hausti.

Fræðslunefndin stóð einnig fyrir Starfslokana námskeiði í janúar síðastliðinn. Námskeiðin eru einkum ætluð þeim sem eru að nálgast starfslok eða eru nýlega hættir störfum. Góð þátttaka BSRB-félaga var á námskeiðinu.

Fræðslunefndin heldur einnig utan um trúnaðarmannafræðsluna í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu. Þátttaka trúnaðarmanna mætti vera meiri á námskeiðunum og var ákveðið að hvetja aðildarfélag bandalagsins til að nýta námskeiðin fyrir sína trúnaðarmenn. Mikil ánægja hefur verið með námskeiðin hjá þeim trúnaðarmönnum sem hafa sótt þau.

Fræðslunefndin sinnir fjölmörgum öðrum verkefnum sem berast til hennar í formi umsagna, ályktana og erinda frá opinberum aðilum. Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði situr fyrir hönd SLFÍ í nefndinni.

Jafnréttisnefnd BSRB

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að mannréttindi séu virt. Hugtakið felur í sér að allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án mismununar, eins og til að mynda vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, aldurs, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmálaskoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, fötlunar eða efnahags.

BSRB skal standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins og staðinn vörður um það. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði. Skyldur BSRB í baráttunni fyrir jafnrétti eiga að vera hvort tveggja í senn; inn á við sem út á við. Starfsemi aðildarféлага BSRB og skrifstofa bandalagsins skal endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög. Fulltrúi félagsins í Jafnréttisnefnd BSRB er Margrét Þóra Óladóttir.

Réttindanefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 10. des-

ember 2009 að innan BSRB verði áfram starfandi Réttindanefnd. Hlutverk nefndarinnar er að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélag vísa til hennar. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal hún vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni. Niðurstöður réttindanefndar eru ráðgefandi.

Á fyrsta fundi réttindanefndar kom fram að tekin hefði verið ákvörðun í stjórn BSRB um að réttindanefndin væri mikilvægur þáttur í starfi BSRB og ætti að starfa áfram. Farið var

Á árinu voru haldnir fimm fundir í Réttindanefnd BSRB. Tekin voru fyrir yfir þrjátíu mál frá ýmsum félögum innan BSRB, af þeim var Sjúkraliðafélag Íslands með níu mál sem tekin voru til umræðu og afgreiðslu. Í flestum tilvikum var um ræða mál sem óskað var eftir faglegu áliti nefndarinnar og voru þau mál afgreidd og niðurstöðum komið á framfæri og/eða unnið með málin áfram í samstarfi við lögmann BSRB. Í fimm málum var óskað eftir stuðningi bandalagsins við málareksturs vegna þess að málin væru það alvarleg og niðurstaða þeirra væri fordæmisgefandi fyrir samtökin í heild og var sá stuðningur samþykktur.



Vel var mætt á tuttugasta fulltrúaþing félagsins.

yfir starfsreglur nefndarinnar og hlutverk. Starfsmaður nefndarinnar er Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB. Fulltrúi SLFÍ í réttindanefnd er Gunnar Örn Gunnarsson.

Stjórn BSRB hefur ákveðið að eftirtaldir aðilar skipi hópinn 2009-2012: Árni Stefán Jónsson SFR, Arna Jakóbína Björnsdóttir Kili, Gunnar Ingi Jónsson St. Rv., Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS og Snorri Magnússon LL. Félag sem ekki eiga fulltrúa í réttindanefnd hafa tilnefnt eftirtalda aðila sem tengiliði félaganna og eiga þeir rétt til setu á fundi nefndarinnar: Haraldur Eggertsson Sth, Jófríður H. Sigfúsdóttir Stk, Guðbjörn Arngrímsson Stól og Stefanía Geirsdóttir FOSS. Réttindanefnd situr í 4 ár í senn og verður óbreytt til 2012.

Félagið hefur þurft að halda uppi miklum og sterkum vörnum fyrir stéttina í formi lögfræðipjónustu

Starfsgreinaráð heilbrigðisfélags- og uppeldisgreina

Starfsgreinaráð heilbrigðisfélags- og uppeldisgreina var nýtt ráð til fjögurra ára í janúar 2010. Í ráðinu sitja níu aðalmenn og níu varamenn. Þrír aðal- og varamenn sitja í ráðinu tilnefndir af BSRB. Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er meðal annars að gera tillögur um almenn markmið náms, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms.

Mikill tími hefur farið í það hjá nýju ráði að fara yfir nýjungar er fylgdu starfi starfsgreinaráða í kjölfar nýrra laga sem tóku gildi 2008. Skilgreina helstu verkefni og áherslur ekki síst í ljósi þeirra fjölmörgu starfsgreina er ráðið þarf að sinna. Helstu verkefni starfsgreinaráðsins hafa verið m.a. að skilgreina hæfnikröfur starfa þeirra starfsgreina er undir ráðið heyra. Hafin er gagnasöfnun með það að markmiði að greina hvernig og hvaða starfshópa þarf að stofna varðandi skipun starfsgreina á hæfniþrep. Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði

situr sem einn af fulltrúum BSRB í starfsgreinaráðinu.

Heilbrigðis- og velferðarhópur BSRB

Hlutverk Heilbrigðis- og velferðarhóps er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um opinbera almannaþjónustu og ályktun um nýsköpun í almannaþjónustu, ásamt ályktun um félagsmál. Hlutverk hópsins er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um heilbrigðis- og velferðarmál. Hópurinn á að afla upplýsinga um aðstæður félagsmanna BSRB sem starfa innan velferðarþjónustunnar og fylgjast með umræðum og vera bakland fyrir Velferðarvakt ríkisstjórnarinnar þar sem BSRB á fulltrúa. Stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið heilbrigðis- og velferðarhópnum önnur verkefni eftir þörfum.

Heilbrigðis- og velferðarhópi var falið að vinna úr ályktunum þings BSRB undir liðunum opinber almannaþjónusta, nýsköpun í almannaþjónustu og félagsmál, en þar voru áhersluatriðin þessi:

Opinber almannaþjónusta: Almannaþjónustan sé aðgengileg öllum óháð efnahag. Verja störf. Niðurskurður getur valdið óbætanlegu tjóni á velferðarkerfinu. Stjórnvöld láti gera heildstæða könnun á markaðsvæðingu almannaþjónustunnar. Sett verði rammalöggjöf um opinbera almannaþjónustu. Varað við hugmyndum um að hægt sé að sækja heilbrigðisþjónustu „yfir landamæri“. Tannheilsa barna falli undir almenna heilbrigðisþjónustu.

Nýsköpun í almannaþjónustu: Nýta þekkingu og reynslu starfsfólks í almannaþjónustu til uppbyggingar þjónustu og efnahags.

Félagsmál: Afnám vísitölubindingar lána. Almennur húsaleigumarkaður.

Heilbrigðis- og velferðarhópur BSRB er jafnframt bakland Velferðarvaktarinnar. Fulltrúi SLFÍ í nefndinni er Kristín Ólafsdóttir.

Efni sem hópurinn hefur tekið fyrir árið 2010 og í janúar 2011: Verðtrygging – Ásgeir Daníelsson. Leigumarkaðurinn á Norðurlöndum – Jón Rúnar Sveinsson. Skuldir íslenska þjóðarþúsins – Ragnar Ingimundarson. Ráðgjafastofa heimilanna – Ásta Helgadóttir. Neysluverðsvísitalan – Guðrún Jónsdóttir. Endurskipulagning á sjúkrahúsþjónustu á Suðvesturlandi – Guðrún Bryndís. Tillögur BSRB að varanlegu leiguhúsnæði – Hilmar Ögmundsson. Trúnaðarmenn á Landspítala Fossvogi - (2 komu til fundarins). Nýbygging Landspítala háskólasjúkrahúss – Ingólfur Þórisson og Jóhannes Gunnarsson. Guðrún Árnadóttir fór yfir þróun hinna mismundi

leigukerfa sem hafa verið á Íslandi. Hilmar Ögmundsson fór yfir starf samráðshóps um húsnæðisstefnu.

Lífeyrissjóðsnefnd BSRB

Lífeyrissjóðsnefnd BSRB er samráðsvettvangur fulltrúa BSRB í stjórnunum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Hart er sótt að lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og hefur nefndin fundað í nokkur skipti þar sem þau mál eru í brennidepli. Einnig hefur BSRB haldið stærri fundi í samstarfi við BHM og KÍ um sömu málefni.

Fulltrúar BSRB í lífeyrisnefndinni eru: Frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins: Árni Stefán Jónsson, Þórveig Þormóðsdóttir, Trausti Her-



Fulltrúaþinginu lauk með sameiginlegum hádegisverði þingfulltrúa.

mannsson og Kristín Á. Guðmundsdóttir. Frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga: Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson. Frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda: Gunnar Gunnarsson.

Starfsþróunarsjóður

Starfsþróunarsjóðnum er stýrt af framkvæmdastjórn félagsins og er fundað eftir þörfum í stjórn hans. Starfsþróunarsjóður SLFÍ og Starfsmenntasjóður BSRB vinna mjög náið saman að því að styrkja sjúkraliða til að stunda nám og námskeið.

Starfsþróunarsjóður SLFÍ veitir styrki til námskeiða og annarra verkefna sem stofnanir eða einstaklingar sækja sérstaklega um. Félagsmaður hefur 100.000 krónur á tveggja ára fresti og er þá samanlagður möguleiki

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að mannréttindi séu virt

sjúkraliða 160.000 krónur á tveggja ára fresti þegar styrkur Starfsmenntunarsjóðs BSRB er hafður með.

Mikil aukning er í styrkveitingum og má sem dæmi taka að styrkir til einstaklinga jukust á milli árána 2008 og 2009 úr því að vera rúmar 9 milljónir króna í rúmar 10 milljónir, en samkvæmt nýjustu tölum kemur í ljós að úthlutanir styrkja til sjúkraliða úr sömu sjóðum eru komnar í rúmar 30 milljónir króna á árinu 2010.

Minningarsjóður

Ekkert hefur verið úthlutað úr sjóðnum þar sem hann hefur aldrei náð þeim styrkleika að það sé hægt.

Styrktarsjóður BSRB

Sjúkraliðafélag Íslands á aðild að Styrktarsjóði BSRB, en sjóðurinn var stofnaður árið 2000. Þá fyrst fengu starfsmenn ríkis- og sveitarfélaga sjúkraliðaréttindi áþekkt þeim sem verið höfðu á almennum markaði um áratuga skeið.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson St. Rv., formaður stjórnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonsdóttir Kili, Torfi Friðfinnsson Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), Þórveig Þormóðsdóttir Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Vala Dröfn Hauksdóttir, Starfsmannafélagi Garðabæjar og Sverrir Björn Björnsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS).

Á aðalfundi sjóðsins sem haldinn var í október síðastliðinn flutti formaður, Garðar Hilmarsson, skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að nú væru sérstakir tímar sem kalli á sérstakar lausnir. Skilgreina þyrfti upp á nýtt þarfir félagsmanna þar sem tekið væri tillit til aukins álags og streitu vegna minnkandi

starfsöryggis og kjararýrnunar. Vegna þjóðfélagsástandansins og styrkrar stöðu sjóðsins ákvað stjórnin að hækka verulega helstu liði úthlutunarreglna sjóðsins. Atvinnulausir félagsmenn sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum vegna veikinda eiga nú rétt á greiðslum sem nema 80% af atvinnuleysisbótum í allt að 45 daga. Ákveðið var að hækka fæðingarstyrk úr 170.000 krónum í 220.000 krónur miðað við fullt starf. Miðast hækkanin við börn fædd eftir 1. janúar 2011.

Eftirfarandi eru aðrar helstu breytingar á styrkjum árið 2011:

Framhaldsrannsókn vegna krabbameinsleitar í brjóstum, ristli og blöðruhálskirtli er styrkt um allt að 10.000 krónur. Styrkur til sjúkraþjálfunar hækkar úr 1.000 krónum í 1.500 krónur, eða úr 25.000 krónum í 37.500 krónur. Styrkur til meðferðar hjá sálfræðingi hækkar úr 4.000 krónum í 5.000 krónur í 15 skipti. Styrkur til dvalar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði hækkar úr 1.500 krónum í 2.000 krónur í 20 daga. Skoðun hjá Hjartavernd verði styrkt allt að 17.000 krónum sem er fullnaðargreiðsla samkvæmt gjaldskrá. Styrkur vegna tækni-frjóvgunar hækkaði úr 100.000 krónum í 150.000 krónur einu sinni. Sjonlagsaðgerð á báðum augum hækkar úr 50.000 krónum í 100.000 krónur. Styttur er endurnýjunar réttur til gleraugna- og heyrnatækjastyrkja úr 48 mánuðum í 36 mánuði. Líkamsræktarstyrkur hækkar úr 15.000 krónum í 20.000 krónur. Styrkur vegna útfarar félagsmanns hækkar úr 100.000 krónum í 200.000 krónur.

Sjóðstjórnin bendir á að erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hver kostnaðurinn við þessar hækkanir verður, allt er það háð margvíslegum breytum. Sjóðurinn telur félagslega skyldu sína í þessu árferði að ganga frekar á varasjóðinn en að láta af hækkanum sem ákveðnar hafa verið.

Starfsmenn sjóðsins eru þau: Ástríður Jónsdóttir, Vilborg Kristjánsdóttir og Ólafur Bjarni Andrésson forstöðumaður. Allar upplýsingar um sjóðinn, reglugerð, úthlutunarreglur og annað er að finna á vefsíðunni www.styrktarsjodur.bsrb.is

Starfsendurhæfingar-sjóðurinn Virk

Fyrir stuttu síðan hélt Virk aðalfund sinn. Í máli framkvæmdastjóra sjóðsins kom fram að næsta haust eru liðin 2 ár frá því að ráðgjafar VIRK hófu markvisst að veita einstaklingum þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Þetta annað starfsár hjá VIRK hefur einkennst af mjög hröðum vexti og mikilli uppbyggingu

Styrkir til félaga í SLFÍ á árinu 2010

Sjúkradagpeningar	27 einstaklingar	9.856.175
Dagpeningar vegna maka og barna	1 einstaklingur	370.046
Fæðingarstyrkur	31 einstaklingur	4.039.200
Sjúkraþjálfun	186 einstaklingar	2.482.300
Sjúkranudd	41 einstaklingur	413.000
Hnykkklækningar	20 einstaklingar	300.000
Nálastungumeðferð	3 einstaklingar	17.000
Endurhæfing á Hjarta- og lungnastöðinni	1 einstaklingur	16.715
Dvöl hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði	12 einstaklingar	342.000
Sálfræðiaðstoð	40 einstaklingar	1.008.800
Glasafrjóvgun	1 einstaklingur	100.000
Laser aðgerð á augum	10 einstaklingar	500.000
Gleraugnastyrkur	76 einstaklingar	1.777.996
Heyrnartæki	8 einstaklingar	695.450
Krabbameinsleit	291 einstaklingar	983.600
Hjartaverndarskoðun	19 einstaklingar	235.344
Ferðastyrkir	4 einstaklingar	80.000
Líkamsrækt	498 einstaklingar	7.342.105
Útfararstyrkur	6 einstaklingar	600.000
7. gr. (Vegna sérstakra aðstæðna)	3 einstaklingar	197.450
Tannlæknakostnaður	121 einstaklingur	9.341.590
Styrkir úr Styrktarsjóði BSRB til félaga í SLFÍ á árinu 2010.		40.698.771

bæði í þjónustu og þróun. Stöðug aukning hefur verið í aðsókn í þjónustu til ráðgjafa VIRK og sífellt bætast við nýir samstarfsaðilar á hinum ýmsu sviðum sem eykur möguleika og fjölbreytni í þjónustu. Á sama tíma fer fram mikið þróunar- og uppbyggingarstarf hjá starfsmönnum VIRK við að móta og breyta vinnuferlum í takt við aukna þekkingu og reynslu og þróa starfsemina áfram í samstarfi við atvinnurekendur, stéttarfélög og fagaðila á ýmsum sviðum – bæði hérlendis og erlendis. Starfsmenn VIRK eru nú 10 talsins í 9 stöðugildum og 27 ráðgjafar á vegum VIRK starfa hjá stéttarfélögum um allt land.

Sjóðurinn gefur út ársrit um starfsemi sjóðsins. Með útgáfu ársrits vill sjóðurinn miðla upplýsingum um starfsemina auk þess að koma á framfæri bæði innlendri og erlendri þekkingu og reynslu á sviði starfsendurhæfingar. Þessum upplýsingum er komið á framfæri í formi umfjöllunar, viðtala

og greinarskrifa. Hægt er að nálgast ritið hjá sjóðnum. Einnig er hægt að fá ársritið sent í pósti með því að senda inn beiðni á netfangið virka@virka.is.

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB er aðalmaður bandalagsins og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ er varamaður. Elín Björg var kjörin formaður sjóðsins á síðasta ársfundi hans.

Erlent samstarf EPN

Aðalfundur Evrópusambandsins, EPN, var haldinn í Lúxemborg dagana 17.-20. júní 2010. Á fundinum tók formaður norsku sjúkraliðasamtakana við forustu af formanni SLFÍ.

Í tengslum við aðalfundinn var haldin ráðstefna í samvinnu við sjúkraliðasamtökin í Lúxemborg. Efni ráðstefnunnar var líknadæði og líknandi hjúkrun og var hún undanfari mikillar þverfaglegar alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í Noregi haustið 2010. Formaður félagsins var sérstakur boðsgestur Noregs sem fráfarandi formaður Evrópusambandsins. Formaður SLFÍ fór ekki á ráðstefnuna en varaformaður félagsins fór í staðinn. Stjórnarfundur var haldinn í Kaupmannahöfn í janúar síðastliðinn og er fyrirhugaður stjórnarfundur í september á Íslandi.

*Stjórn Styrktarsjóðsins
ákvað að hækka verulega
helstu liði úthlutunar-
reglna sjóðsins*

Ályktanir um heilbrigðis- og velferðarmál

Þjónustunni hefur hrakað

20. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að hagræðing í rekstri stofnana sé gerð með faglegum hætti. Það er ólíðandi að skorið sé niður meðal fagmenntaðs starfsfólks, þegar ljóst er að þjónustu við vistmenn/sjúklinga hefur hrakað og undirmanað er í sjúkraliðastöðum. Atvinnusjúkdómar herja á stéttina og er svo komið að örorka vegna álags og streitu hefur aukist gríðarlega.

Fulltrúaþing SLFÍ leggur til að velferðarráðherra láti meta nám, sérnám og símenntun stéttarinnar þannig að hæfni sjúkraliða verði betur nýtt.

Starfsþróun stéttarinnar tók spor í rétta átt þegar eftirspurn var eftir hjúkrunarfólki. Eftir niðurskurð undanfarinna missera hefur staðan snarlega snúist og er svo komið að sjúkraliðar eru jafn

mikið við störf ófaglærðra og það fag sem þeir lærðu til. Á sama tíma er almennt starfsfólk og hjúkrunarfræðingar ráðnir í störf sjúkraliða, allt eftir duttlungum yfirmanna.

Þingið hvetur velferðarráðherra og landlækni til að hysja upp um sig buxurnar og fara að lögum þegar kemur að mati og eftirliti með stofnunum.

20. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að öldruðum, sjúkum og fötlúðum verði tryggður grundvallarréttur til heilbrigðisþjónustu.

20. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að öll íslensk börn fái fríar tannviðgerðir til 18 ára aldurs. Það er ólíðandi að eyrnamerkja „fátækar“ fjölskyldur á Íslandi, með sértækum fríum tannviðgerðum.

Hafna skerðingu lífeyrisréttinda

20. fulltrúaþing SLFÍ hafnar öllum skerðingum á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Réttindi sem meðal annars er greitt fyrir með lægri launum, verða ekki tekin af vegna duttlunga forystumanna annarra launþegasamtaka.

20. fulltrúaþing SLFÍ lýsir yfir algjörra andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á

ávinnslu lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna. Slík breyting leiðir til þess að þeir sem koma seint inn á vinnumarkaðinn, til dæmis vegna náms eða barnaupveldis skerðast verulega.

20. fulltrúaþing SLFÍ gerir kröfu um að sjúkraliðum verði gert kleift að hætta störfum 65 ára án skerðingar á lífeyri.



Sjúkraliðar krefjast kjarabóta.

Menntun verði í stöðugri þróun

20. fulltrúaþing SLFÍ lýsir yfir mikilli ánægju með að sérnám sjúkraliða í geðhjúkrun sé hafið og væntir þess að þeir sem ljúka því námi verði viðurkenndir með auknum starfsréttindum. Eins og ekki síður vill þingið minna á að beðið er eftir að sérnám sjúkraliða í hjúkrun aldraðra hefjist að nýju.

20. fulltrúaþing SLFÍ telur að eftirlitsskyldir aðilar þurfi að leggja mat á menntun sjúkraliða með tilliti til aukinnar nýtingar stéttarinnar. Menntun sjúkraliða er og á að vera í stöðugri þróun. Með því móti er komið til móts við ungt, kröftugt fólk sem vill og getur starfað innan heilbrigðiskerfisins og það tryggt að réttur maður starfi á réttum stað.

Sterkara trúnaðarmannakerfi

20. fulltrúaþing SLFÍ lýsir yfir ánægju sinni með að fagstéttir innan BSRB vinni sameiginlega að því verkefni að byggja upp sterkara og skilvirkara trúnaðarmannakerfi. Þingið telur að áfram megi halda á sömu braut með ýmis önnur mál sem geri það að verkum að samlegðaráhrif yrðu stéttunum í hag.

20. fulltrúaþing SLFÍ telur að þörf sé á að umræða um jafnréttismál fari fram innan félagsins.

Eflum störf trúnaðarmanna

20. fulltrúaþing SLFÍ telur brýnt að atvinnurekendur sinni skyldum sínum gagnvart trúnaðarmönnum. Öflugt samstarf vinnuveitenda við trúnaðarmenn er grunnur að góðu starfsumhverfi og eykur líkur á að stéttin og stjórnendur stofnana geti í sameiningu eflt faglegar áherslur.

20. fulltrúaþing SLFÍ leggur áherslu á að ríkið greiði áfram í Mannauðspott BSRB. Þingið hvetur aðra launagreiðendur til að greiða í slíkan pott, svo að hægt sé með samræmdu átaki að efla störf trúnaðarmanna og standa undir áframhaldandi skipulagningu á störfum og réttindum þeirra.

Nýr verkefnastjóri trúnaðarmanna

Endurmat og efling trúnaðarmannakerfa

„Gott upplýsingaflæði er lykillinn að góðum samskiptum og öflugu samstarfi vinnuveitenda og starfsmanna og virkt trúnaðarmannakerfi getur þar gegnt mjög mikilvægu hlutverki,“ segir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, nýráðinn verkefnastjóri trúnaðarmanna.

Fjórar fagstéttir innan BSRB, það er Sjúkraliðafélag Íslands, Landssamband lögreglu-manna, Tollvarðafélag Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, hafa sameinast um ráðningu verkefnastjórans, en hlutverk hans er meðal annars að vera trúnaðarmönnum til ráðuneytis í starfi sínu og gera tillögur um endurskipulagningu og eflingu trúnaðarmannakerfa félaganna.

„Mér finnst þetta vera merkilegt samstarf þessara fjögurra launþegasamtaka,“ segir Guðmundur Ingi í viðtali við Sjúkraliðann. „Félögin fjögur sóttu sameiginlega um styrk úr Mannauðspotti BSRB og fengu styrk sem dugar til að vinna þetta verkefni í tólf mánuði. Ef á þarf að halda er möguleiki á að sækja um viðbótarstyrk, en ég miða mitt starf við þennan tímaramma. Það kemur svo í ljós hvort eitt ár nægir til að ljúka verkinu.“

Lengi verið stjórnandi

Guðmundur Ingi er 59 ára gamall og hefur unnið við ýmis stjórnunarstörf frá því á áttunda áratugnum. Hann rak fyrirtæki um árabíl, meðal annars heildsölu, hjólbarðaverkstæði og ferðaþjónustufyrirtæki á Selfossi, en söðlaði um árið 1990, gerðist sveitarstjóri í Rangárvallahreppi og hefur verið viðloðandi sveitarstjórnarmál síðan, meðal annars sem sveitarstjóri í Rangárbíngi ytra og bæjarstjóri í Grundarfirði. Hann hefur stundað margvíslegt formlegt og óformlegt nám á þessum tíma, nú síðast stjórnun og stjórnsýslu hjá Endurmenntun HÍ, en hluti af því námi er verkefnastjórnun, mannauðsstjórnun og gæðastjórnun.

Hann er líka vel kunnugur málefnum sjúkraliða, því hann er kvæntur Maríu Busk, sem hefur verið sjúkraliði í 36 ár. „Ég hef auð-



Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, verkefnastjóri trúnaðarmanna, á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins við Grensásveg.

vitað fylgst með þróun mála hjá stéttinni allan þann tíma og það hafa verið mjög ánægjuleg kynni,“ segir hann. „Þegar María varð formaður Vesturlandsdeildar sjúkraliða komu málefni félagsins enn meira inn á heimilið. Hún tók líka framhaldsmenntun í hjúkrun aldraða, en það nám opnaði nýjar víddir fyrir sjúkraliða og var gríðarlega mikilvægt skref fyrir stéttina.“

Fjölþætt verkefni

„Vegna fjölda trúnaðarmanna er stærsta viðfangsefnið hjá mér í upphafi hjá Sjúkraliðafélaginu,“ segir Guðmundur Ingi sem hefur aðsetur á skrifstofu SLFÍ. „Hérna eru rúmlega

eitt hundrað trúnaðarmenn, en mun færri hjá hinum félögunum. Hins vegar kann að vera mikill munur á því hvernig trúnaðarmannakerfin eru byggð upp hjá félögunum þannig að umfang verksins kann að breytast að þessu leyti þegar fram líður, það verður bara að koma í ljós.

Aðalllutverk mitt í þessu nýja starfi er að endurskipuleggja og endurmeta trúnaðarmannakerfi félaganna. Vinnan snýst í upphafi um að fara yfir kerfin eins og þau eru núna og skoða ofan í kjölinn með trúnaðarmönnum og því fólki sem starfar í viðkomandi grein hvort þetta er það trúnaðarmannakerfi sem þau vilja sjá.

Félögin fara í þetta verkefni í von um að sjá breytingar sem verði til þess að efla trúnaðarmannakerfi þeirra. Trúnaðarmennirnir eru augu og eyru félaganna úti á vinnustöðunum og veita alhliða stuðning bæði við persónu hvers og eins og við stöðu þeirra á vinnustaðnum og samskipti við yfirmenn. Hlutverk trúnaðarmanna snýst bæði um

Við leggjum áherslu á að byggja sem mest á þeim viðhorfum sem við fáum frá félagsmönnum



Trúnaðarmenn sjúkraliða funda um kjaramálin.

samskipti við vinnuveitandann og um túlkun og útfærslu kjarasamninga og stofnanasamninga. Trúnaðarmenn eru þannig í ótrúlega fjölþættu verkefni. Ég hef kynnst því bæði í gegnum mína eigin reynslu hér á árum áður, þegar ég var sjálfur trúnaðarmaður hjá öðrum launþegasamtökum, og eins þegar konan mín var trúnaðarmaður sjúkraliða á sínum vinnustað í nokkur ár. Þannig að ég veit hvernig það er að standa í þessum sporum. Og ég sé á erindum, fyrirspurnum og samtölum við trúnaðarmenn að undanförunu að það er mikið meira en nóg að gera hjá trúnaðarmönnum.“

Viðhorfskönnun

„Þetta verkefni snýr fyrst og fremst að trúnaðarmönnum hjá ríkisstofnunum, en meiningin er að skoða samhliða allt kerfið,“ segir Guðmundur Ingi. „Ég reikna með að lokaskýrsla verkefnisins muni samt að mjög miklu leyti snúast um samskipti á vettvangi ríkisstofnana. Ætlunin er að efla trúnaðarmannakerfið og gera það mjög virkt úti á vinnustöðunum, en það er alls ekki hugmyndin að slík þróun sé einhver ógn við yfirmenn eða stjórnendur, markmiðið er fyrst og fremst að styrkja og efla samskipti yfirmanna og almennra starfsmanna og stuðla að því að upplýsingaflæði og samband á milli aðila verði meira og virkara því upplýsingar eru grundvöllur að góðum samskiptum.“

- Hver verða fyrstu skrefin?

„Ég er núna að undirbúa viðhorfskönnun sem við munum síðan nota við móttöku tillagna um endurskipulagningu trúnaðarmannakerfisins, því við leggjum áherslu á að byggja sem mest á þeim viðhorfum sem við fáum frá félagsmönnum,“ svarar Guðmundur Ingi. „Með þessari könnun vil ég laða fram stöðuna eins og hún er núna að mati trúnaðarmanna

og annarra félagsmanna. Það verður spurt um viðhorf sjúkraliða til allra þátta málsins, þar á meðal til trúnaðarmannakerfisins, félagsins og viðkomandi vinnustaðar. Könnunin verður að sjálfsgöðu ekki persónugreinanleg þannig að hver og einn getur svarað opinskátt án þess að hægt verði síðar að rekja svarið til viðkomandi einstaklings.“

Við förum á næstu vikum af stað með þessa könnun á viðhorfum félagsmanna í Sjúkraliðafélaginu, en síðar verða gerðar samskonar kannanir hjá hinum félögum. Við munum síðan vinna úr þeim niðurstöðum sem við fáum með könnuninni og nýta þær sem grundvöll að þeirri hugmyndafræði sem síðan verður unnið eftir við eflingu kerfisins. Þannig leggjum við áherslu á að byggja sem mest á þeim upplýsingum og hugmyndum sem við fáum frá trúnaðarmönnum og félagsmönnum almennt.

Þegar hugmyndafræði fyrirhugaðra breytinga liggur fyrir verður farið í að kynna hana innan félaganna og fá viðbrögð þeirra. Síðan verður haldið áfram að fínþússa tillögurnar í samræmi við þau viðhorf sem fram koma við kynninguna, því við viljum vinna þetta með félagsmönnum frá upphafi til enda. Það verður líka rætt við vinnuveitendur og stjórnendur á vinnustöðum til að gera þeim grein fyrir eðli og inntaki þessa verkefnis, fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að það skapist nokkur misskilningur um hvað hér er á ferðinni.“

Guðmundur Ingi vekur athygli á því að meðal hlutverka hans er að styðja trúnaðarmenn hér og nú. „Þannig að ef trúnaðarmenn þurfa á stuðningi að halda, til dæmis að fara með þeim í viðtöl eða á fundi, þá er það hluti af mínu starfi, og ég vona að sem flestir trúnaðarmenn sem þurfa slíka aðstoð nýti sér það.“



María Soffía Gottfreðsdóttir augnlæknir flytur erindi sitt.

Fræðsludagur sérdeildar

Sérdeild Sjúkraliðafélags Íslands efndi til sérstaks fræðsludags mánudaginn 21. febrúar síðastliðinn að Grettisgötu 89 Reykjavík. Dagskráin var vel heppnuð.

Þrjár fyrirlestrar voru fluttir þennan fræðsludag. María Soffía Gottfreðsdóttir augnlæknir ræddi um gláku og aðra augnsjúkdóma hjá öldruðum og Guðbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur fjallaði um heilabilunarsjúkdóma og umönnun.

Eftir kaffihlé flutti Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur erindi um gæði umönnunar á hjúkrunarheimilum á Íslandi og hvernig megi spara með umbótastarfi. Ingibjörg er að vinna að doktorsritgerð um sinni við háskólann í Lundi og hefur í því sambandi gert könnun á gæðamálum íslenskra hjúkrunarheimila sem vakði hefur mikla athygli.

Iceland Express hækkar

Gjafakortin frá Iceland Express hækka um eitt þúsund krónur vegna verðhækkunar frá flugfélaginu. Sjúkraliðar fengu miðana á 24.000 krónur en þeir hækka sem sagt í 25.000 krónur. Andvirði þeirra verður áfram 30.000 krónur.

Vegna fjölda trúnaðarmanna er stærsta viðfangsefnið hjá mér í upphafi hjá Sjúkraliðafélaginu



Fríður hópur sjúkraliða á sjúkrahúsinu á Húsavík, frá vinstri: Björk Halldórsdóttir, Kristín Elfa Björnsdóttir, Sigurrós Þórarinsdóttir, Unnur Mikaelssdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir, Kristín Baldursdóttir, Hólmfríður Arnbjörnsdóttir, Elfa Breiðfjörð, Bylgja Steingrimsdóttir.

Sjúkrahúsið á Húsavík heimsótt

Vinnum saman sem einn hópur

„Það er einkennandi fyrir þennan vinnustað að hér er starfsmannavelta lítil og góður starfsandi. Sjúkraliðarnir eru upp til hópa mjög færir og faglegir í starfi sínu og vinna mjög sjálfstætt. Það er engin stéttaskipting hjá okkur, við vinnum saman sem einn hópur að þjónustunni við sjúklingana,“ segir Guðrún Árný Guðmundsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur, en hún er deildarstjóri tveggja deilda á sjúkrahúsi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík, sjúkradeildar og öldrunardeildar.

„Við erum með tvær legudeildir á sjúkrahúsinu,“ segir Guðrún Árný. „Hjúkrunardeild fyrir aldraða er á annarri hæð hússins og sjúkradeild á þriðju hæðinni. Á öldrunardeildinni höfum við 18 hjúkrunarrými eftir niðurskurð, en á sjúkradeildinni 14-16 rúm að meðaltali. Þau voru áður 20 og upphaflega var okkur gert að fækka þeim niður í 8, sem auðvitað hefði aldrei gengið, en hluti þess



Guðrún Árný Guðmundsdóttir, deildarstjóri sjúkradeildar og öldrunardeildar.

fyrirhugaða niðurskurðar í fyrra gekk sem betur fer til baka.“

Deildirnar eru mikið reknar saman sem ein heild. „Sjúkraliðarnir vinna hér á báðum hæðunum, gjarnan í fjórar vikur í senn á hvorri deild,“ segir deildarstjórinn. „Hjúkrunarfræðingarnir vinna líka

á báðum hæðum. Þetta þýðir að starfsfólkið er mjög vel inni í því sem er að gerast á báðum deildum.“

Fagfólk með langa reynslu

Fagfólkið á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur yfirleitt langa starfsreynslu að baki, enda lítið um mannabreytingar.

„Á þessum tveimur deildum eru 8 hjúkrunarfræðingar, en auk þess göngum við hjúkrunarforstjórinn líka vaktir, og svo fáum við stundum lánaða hjúkrunarfræðinga frá heilsugæslunni sem heyrir líka undir Heilbrigðisstofnunina, þannig að í heildina eru starfandi hérna 10-12 hjúkrunarfræðingar,“ segir Guðrún Árný. „Á þessum tveimur deildum eru 15 sjúkraliðar í föstu starfi, þar af er ein í fæðingarorlofi og flestir þeirra eru í 80-100% starfi. Á öldrunardeildinni starfa einnig 15 félagsliðar og sérhæft starfsfólk. Fagfólkið hefur yfirleitt langan starfsaldur að baki hjá stofnuninni,

sumar hafa verið hér í allt að þrjátíu ár. Þetta á við um sjúkraliðana sem flestir hafa verið mjög lengi hjá stofnuninni, ég held að nýjasti sjúkraliðinn hafi verið hérna í sex ár.

Hjá okkur er mjög góður og jákvæður starfsandi og við gerum margt saman okkur til skemmtunar, enda er starfs-
hópurinn afar samstilltur og við erum öll miklir vinir. Hluti hópsins er að fara í vísindaferð til Kaupmannahafnar. Fimm hjúkrunarfræðingar og sjö sjúkraliðar ætla að skoða Bispebjerg sjúkrahúsið í höfuðborg Dana, en þar munum við meðal annars heimsækja líknardeild og öldrunardeild spítalans, og svo skemmta okkur í leiðinni. Við teljum mikilvægt að starfsfólkið skemmti sér saman því glatt og ánægt starfsfólk skilar sér í enn betri þjónustu við sjúklingana.“

Fjölbreytt verkefni

Þrátt fyrir niðurskurð síðustu ára þarf fagfólkið á sjúkrahúsinu á Húsavík að takast á við fjölbreytt verkefni.

„Hér sinnum við að sjálfsgöðu hjúkrun aldgraða og líknarmeðferð, en einnig sjúklingum sem þjást af margs konar sjúkdómum, þar á meðal hjartasjúklingum, lungnasjúklingum, krabbameinsjúklingum og þeim sem þurfa á sárameðferð að halda. Einnig sinnum við aðgerðasjúklingum yfir vetrartímann, það er fyrir og eftir uppskurði. Skurðdeild er á neðstu hæðinni þar sem gerðar eru litlar valaðgerðir, en þar er skorið upp fjóra daga í mánuði. Undirbúningur fyrir skurðaðgerðina og hjúkrun á eftir fer þá fram á okkar deild.“

Margir fá endurhæfingu á sjúkrahúsinu á Húsavík. „Já, hingað koma sjúklingar sem hafa gengist undir skurðaðgerðir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, liðskiptaaðgerðir og fleira af því tagi. Þar kemur hlutverk sjúkraliðanna mjög sterkt inn því þær eru mikil í umönnuninni og að hjálpa og hvetja endurhæfingarsjúklinga.“

Lyflæknir spítalans er líka meltingarfærasérfræðingur og gerir speglanir nokkrum sinnum í mánuði. Þeir sjúklingar sem fara í slíka rannsókn fá undirbúning og eftirmeðferð á sjúkradeildinni. Auk fastráðna lækna koma ýmsir sérfræðingar reglulega til Húsavíkur, til dæmis geðlæknir einu sinni í mánuði.

Heilsugæslan heyrir einnig undir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og þessar deildir vinna mikið saman. „Starfsfólkið vinnur allt hjá sömu stofnuninni



Sjúkrahúsið á Húsavík, aðalbækistöð Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

og við erum mikið að hjálpa til á milli sviða. Læknarnir eru með móttöku á heilsugæslunni og koma svo hingað til okkar á stofugang, og hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar fara líka á milli eftir þörfum. Sjúkraliðar vinna líka á heilsugæslunni og við heimahjúkrun, en þar eru tveir sjúkraliðar og fjórir hjúkrunarfræðingar. Heilsugæslustöðvar eru ekki aðeins á Húsavík heldur líka á Þórshöfn, Kópaskeri, Raufarhöfn, Mývatnssveit og á Laugum. Þegar þörf er á fer hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði hédan til að leysa af á þessum stöðum. Við státtum okkur af því að hafa jákvætt og gott starfsfólk sem vinnur saman að þjónustu við sjúklinga á öllu þjónustusvæði stofnunarinnar.“

Erfiður vetur

Síðastliðið haust var tilkynnt um stórfelldan niðurskurð á fjárveitingum ríkisins til heilbrigðisstofnana úti á landi, þar á meðal á Húsavík. Þá komst sjúkrahúsið í fréttir vegna þess að starfsfólk og íbúar

bæjarins mynduðu mannlega keðju allt í kringum húsið, um 900 manna skjaldborg til verndar heilbrigðisstofnuninni.

„Það var rosalega erfiður tími hjá okkur í október þegar fréttir bárust af fyrirætlunum ríkisins um þennan hrikalegan niðurskurð hjá stofnuninni,“ segir Guðrún Árný. „En við ákváðum að berjast gegn þessum fyrirtætlunum af fullum krafti og fengum heilmikið til baka af því sem átti að rífa af okkur. Þegar niðurskurðurinn fyrir 2011 lá endanlega fyrir héldum við starfsmennirnir fund um málið og sameinuðumst um að finna allar leiðir til að hagraða og spara og draga úr kostnaði án þess að skerða þjónustuna og við náðum miklum árangri. Því miður varð að segja nokkrum starfsmönnum upp og minnka starfsprósentu hjá sumum, en okkur tókst að milda þessar aðgerðir.“

Engu að síður þurfum við að skera niður um 14% fyrir næsta ár 2012. Við erum mjög ósatt við að ennþá stendur þessi fyrirhugaði niðurskurður á næsta ári og munum áfram reyna að berjast gegn því.



Nokkrir hressir sjúkraliðar með deildarstjórnann í fanginu.

Við erum búin að skera allt niður sem hægt er án þess að skerða þjónustuna. Það eru færri starfsmenn á gangi en áður var, allir þurfa að hlaupa hraðar, og allir stjórnendur vinna líka mjög mikið á ganginum. Ef okkur verður gert að skera enn meira niður á næsta ári verðum við að segja fleiri starfsmönnum upp og fækka sjúkrarúmum á sjúkradeild, sem er þegar komin niður í lágmark þess sem telst hagkvæm stærð, því það kostar í reynd nánast jafnmikið að reka 14 rúma sjúkradeild og deild með 8 rúmum. Við teljum líka að við slíka fækkun rúma væru faglegu forsendurnar farnar. Við myndum þá missa frá okkur fagfólkið, bæði lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, og þar með er brostinn grundvöllurinn fyrir að reka sjúkradeild eins og við höfum haft hér mörg undanfarin ár. Það er því mikið í húfi fyrir íbúana á þessu svæði, því þjónustan myndi þá væntanlega færast yfir til Akureyrar, þar sem engin aukapláss eru til staðar. Ég held við höfum sýnt fram á það á þessu ári að það er full þörf fyrir að reka sjúkradeild af þessari stærð hér á Húsavík, enda er nýtingin mjög góð. Við höfum fulla trú á því að þessi stofnun fái að starfa hér áfram og veita íbúunum bráðnaðsynlega þjónustu í heimabyggð.“

Safnað fyrir tækjum

Æfingarsalur er í Hvammi, hjúkrunarheimili sem er tengt við sjúkrahúsið með undirgangi, og þar fer þjálfun endurhæfingarsjúklinga fram, auk þess sem sjúkraþjálfarar vinna líka með sjúklingum inni á deild. Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu hefur Heilbrigðisstofnunin nú tekið að sér stjórnun Hvamms, en þar eru 22 hjúkrunarrými og 18 dvalarrými.

Guðrún Árný segir að stofnunin sé vel búin nauðsynlegum tækjum, en það sé fyrst og fremst að þakka dugnaði styrktarfélagstofnunarinnar og margra annarra félagsamtaka sem hafi gefið sjúkrahúsinu tæki.

„Ríkið hefur ekki efni á því að kaupa mikið af tækjum fyrir stofnunina,“ segir hún. „Flest stærri tæki eru því gefin af félögum sem vilja styðja við starfsemina, til dæmis kvenfélögum, klúbbum eins og Kiwanis og Lions og styrktarfélaginu okkar sem hefur safnað fé til kaupna á mörgum tækjum. Nú síðasti þurfti til dæmis að endurnýja speglunartækið okkar fyrir um níu milljónir króna og styrktarfélagið sá um að safna þeim peningum.“



Fundað á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga: Frá vinstri: Áslaug Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Elfa Breiðfjörð, sjúkraliði, Jón Helgi Björnsson, forstjóri, Sigurrós Þórarinsdóttir, sjúkraliði, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ.

Heilbrigðisstofnun Pingeyinga á Húsavík Skorið niður um 24% á þremur árum

„Á síðustu þremur árum höfum við þurft að skera niður kostnað um 24%, og það er enn á áætlun að við eigum að skera niður um 14% til viðbótar á næsta ári. Við höfum verið að vinna því fylgi að það sé ekki skynsamleg ráðstöfun að skera enn frekar niður hjá stofnuninni, og ráðherra hefur sagt að þessar fyrirætlanir verði teknar til endurskoðunar, þannig að við höfum góða ástæðu til að ætla að menn staldri við,“ segir Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga á Húsavík.

Jón Helgi segir að það sé gríðarlega mikil hagræðing í því fólgin að ná niður kostnaði um 24% á svona stofnun, og að ekki sé hægt að fara neðar.

„Svo styttest auðvitað í að það verði mikil umsvif í þessu héraði og þá er jafngott að hafa hér alvöru heilbrigðisstofnun sem getur veitt nauðsynlega þjónustu,“ bætir hann við. „Mér skilst á yfirlýsingum stjórnvalda að aðeins séu 6-8 mánuðir í að þessar nýju framkvæmdir fari í gang. Auðvitað er

þessi mikli niðurskurður hjá okkur ekki í takt við það sem stjórnvöld eru að boða. Annars vegar er okkur sagt að við eigum að búa okkur undir stórfellda atvinnuuppbyggingu, en hins vegar að við þurfum áfram að skera niður þessi mikilvægu þjónustu við íbúana og það fólk sem þarf til að vinna við þessar boðuðu stórfamkvæmdir.“

Allir samstíga

Jón Helgi leggur sérstaka áherslu á að þessi mikla lækkun rekstrarkostnaðar, sem náðst hefur á stofnuninni síðustu árin, sé fyrst og síðast verk alls starfsfólksins sem hafi tekið höndum saman um að ná þessum árangri. „Hver einasti starfsmaður hefur tekið til á sínu sviði og fundið leiðir til sparnaðar,“ segir hann. „Við höfum náð að lækka kostnað verulega á öllum rekstrarsviðum vegna þess að það fóru allir hérna saman í að takast á við þetta verkefni og leysa það.“

Áslaug Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, tekur undir þetta. „Við erum með



Heilbrigðisstofnun Pingeyinga hefur tekið að sér framkvæmdastjórn dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hvamms.

afskaplega gott starfsfólk sem tekur fullan þátt í öllu því sem þarf að gera,” segir hún. „Við vinnum saman sem einn hópur, hér er engin stéttarskipting.“

Stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Þingeyingar vekja athygli á að þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð hefur tekist að viðhalda góðri þjónustu við íbúana.

„Síðustu tvö árin, 2009 og 2010, hafa verið gerðar kannanir á viðhorfum fólks á þjónustusvæði stofnunarinnar,” segir Áslaug. „Það sýndi sig að meira en 80% þeirra sem svöruðu voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustu stofnunarinnar.“

Í síðasta mánuði varð samkomulag um að Heilbrigðisstofnun Þingeyinga tæki að sér framkvæmdastjórn dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hvamms sem er við hlið sjúkrahússins á Húsavík en rekið af sveitarfélaginu. „Með því gefst færi á að samnýta þessar tvær stofnanir, sem mun meðal annars fela í sér lækku á kostnaði á yfirstjórn,” segir Jón Helgi.

Samstarf en ekki sameining

Fyrirsvarsmenn heilbrigðisstofnana á Norðurlandi hafa að undanförmu rætt um möguleika á frekara samstarfi eða jafnvel sameiningu. Margvíslegt samstarf er nú þegar á milli þessara stofnana, sem meðal annars reka sameiginlegt tölvukerfi og eru að hluta til með sameiginleg innkaup.

„Þau mál eru rædd á víðum grunni, en ég held að almennt sé okkar hugur sá að reka þessar stofnanir áfram sjálfstætt,” segir Jón Helgi. „Ég held reyndar að margt af því sem menn telja að geti áunnist með samruna stofnana hafi þegar náðst fram í reynd. Það eru til dæmis engar sérhæfðar skurðlækningar hér hjá okkur, heldur aðeins verktaki sem gerir einfaldar aðgerðir. Ef upp koma sérhæfð vandamál þá leitar fólk til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Fæðingarnar hafa líka allar færst yfir á Akureyri. Einnhverjum fannst það vont á sínum tíma, en ég held að það hafi verið hárrétt ákvörðun. Hérna erum við að einbeita okkur að því sem mest þörf er fyrir á svæðinu, það er almenningar lyflækningar og öldrunarþjónusta. Það er líka athyglisvert að þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð höfum við tekið við fleiri sjúklingum frá FSA á Akureyri frá áramótum en á sama tíma í fyrra.“

Áslaug tekur undir þetta. „Það er mikill misskilningur að við séum að reka litla Landspítala úti á landsbyggðinni,” segir hún. „Það er ekki verið að svæfa fólk og skera út um allar trissur.“



Elfa Breiðfjörð, trúnaðarmaður, og Sigurrós Þórarinsdóttir, sjúkraliðar á Húsavík.

Styrkir samheldni að skemmta sér saman

Á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík er lítið um kvartanir til trúnaðarmanns sjúkraliða, en þegar upp koma vandamál þá er gengið í að leysa þau, enda mjög gott aðgengi að öllum stjórnendum stofnunarinnar, segja sjúkraliðarnir Elfa Breiðfjörð, trúnaðarmaður, og Sigurrós Þórarinsdóttir.

Þær taka þó fram að síðasti vetur hafi verið öllu starfsfólki erfiður vegna krafna ríkisvaldsins um verulegan niðurskurð á starfsemi stofnunarinnar, en þau áform hafi verið reiðarslag ekki aðeins fyrir starfsfólk heldur allt samfélagið í Norðurlandinu.

Aukið álag á dagvöktum

Starfsaldur sjúkraliða hjá stofnunni er langur, margir hafa verið í meira en tuttugu ár í starfi, og nokkrir rúmlega þrjátíu ár.

- Það er mjög fínt að starfa hérna og góður starfsandi, segja þær. - En álag á bæði hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hefur aukist vegna niðurskurðarins, einkum þó á dagvöktum. Það er ekki kallað út á aukavaktir á dagvöktum þegar veikindi eru meðal starfsmanna, frekar reynt að fá fólk af öðrum deildum til að hlaupa í skarðið, enda vinnum við öll á sömu stofnuninni. Ef

til dæmis álagið á sjúkradeildinni er metið það mikið að brýn þörf sé á meiri mannskap þá er fyrst reynt að fá starfsmann frá öldrunardeildinni, en ef það gengur ekki þá er kallað út á aukavakt. Við tökum þá yfirleitt slíka aukavakt út í fríu seinna, því það eru allir að reyna að spara. Þannig að þetta er í reynd tilfærsla á vöktum. Það er hins vegar ekki hægt að láta vanta á kvöldvaktir og næturvaktir, því það eru bara tveir sjúkraliðar á sjúkradeild á kvöldin og einn sjúkraliði á næturvöktum á sjúkradeildinni og einn á öldrunardeildinni, og einn hjúkrunarfræðingur á þessum vöktum fyrir báðar deildir.

Mikið félagslíf

- Það er ekkert leiðinlegt fólk hérna! segja þær Elfa og Sigurrós þegar talið berast að óvenju öflugum félagslífi starfsmanna á sjúkrahúsinu. - Það má segja að við séum þegar farin að undirbúa árshátíðina sem á að vera í nóvember. Við erum að fara tólf saman til Kaupmannahafnar í vísindaferð og ætlum að búa okkur undir árshátíðina með myndatökum og fleiru. Þetta er í fyrsta sinn sem við förum saman til útlanda, en venjulega er farið í vísindaferð hér innan-

lands annað hvort ár og þá heimsækir starfsfólkið stofnanir hér í nágrenninu.

Á hverju ári er farið í gönguferð og að þessu sinni er ferðinni heitið í Bárðardal. Áður hefur verið gengið um marga staði í nágrenni Húsavíkur og Mývatnssveit, en einnig í Ásbyrgi og austur á Langanes. Eins er farið í óvissuferð annað hvort ár.

Þegar tíðindamenn Sjúkraliðans bar að garði var nýbúið að slíta svonefndum gleðileikjum stofnunarinnar, en þá hittist fólk í þrjú skipti til að skemmta sér og keppa í alls konar þrautum, og síðan var verðlaunaafhending í lokahófi. Þetta gleðileikjaskútt átti að vera í Garðshorni í sól og sumaryl, en þá kom snögglega vetur á ný fyrir norðan svo forstjórinn varð að grilla í slyddu og sudda! Um 120 manns tók þátt í lokahófinu sem fór fram í Miðhvammi.

Margt annað er gert sér til skemmtunar á sjúkrahúsinu. Fyrir jólin er til dæmis efnt til leynivinaleiks, og eins er jólapúkk þar sem allir koma með gjafir. Á sumardaginn fyrsta hefur verið efnt til sumarkaffis með söng og gleðskap.

- Læknarnir okkur eru með hljómsveitina Heilsutrió sem spilar annað slagð fyrir fólkið, og stundum er ágætis söngkona með í för, en hér er margt góðra söngvara. Kokkurinn okkar fer líka oft á þriðjudögum á öldrunardeildina með gítarinn sinn til að spila og syngja fyrir gamla fólkið. Við teljum að það að starfsfólkið skemmtir sér saman hafi styrkt samheldnina og gert hópinn sterkari til að mæta ytri áföllum, segja þær.

Stolt af garðinum

Elfa og Sigurrós segja starfsfólkið mjög stolt af garðinum sem er sunnan við sjúkrahúsið. - Það hafa allir keppt við það á undanförunum árum að gera garðinn sem best úr garði fyrir sjúklingana, segja þær. Starfsfólkið hefur unnið sameiginlega að þessu verkefni í nokkur ár, bæði við fjáröflun og að vinna í garðinum. Þarna hefur verið hellulagt, settur upp gosbrunnur, ræktuð blóm og margt fleira gert til að garðurinn sé sem fallegastur og þægilegur fyrir sjúklinga og starfsfólk.

Garðurinn er mikið notaður yfir sumartímamann, einkum þó á góðviðriddögum, en þá er stundum farið með sjúkrarúm út í garð til þess að sem flestir fái að njóta blíðunnar. Þar sem garðurinn er beint fyrir framan matsalinn er jafnvel hægt að fara út með matin og borða þar í flottu sumarveðri.

- Við komum saman á vorin og í sumarbyrjun til að hreinsa garðinn og þá er stundum grillað og Heilsutrióið spilar af sinni alkunnu list, segja þær.



Glaumur og gleði

Eins og fram kemur í viðtölunum hér að framan kann starfsfólkið á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga vel að skemmta sér saman. Þessar myndir voru teknar á Gleðileikjum stofnunarinnar þar sem hópar starfsmanna skemmtu sér og öðrum. Litadýrðin er mikil og gleðin einnig.



Sálgæsla fyrir sjúkraliða

Mikilvægt að ræða málin í trúnaði

„Álag á heilbrigðisstarfsmenn og reyndar ýmsa aðra hópa í þjóðfélaginu er mjög mikið. Þetta á ekki síst við um sjúkraliða sem vinna inni á stofnunum þar sem oft er mikið veikt fólk. Það hefur verið fækkað í starfsliðinu og þar með hefur aukist álag á þá sem eftir eru, bæði andlegt og líkamlegt álag,“ segir séra Ægir Fr. Sigurgeirsson, fyrrverandi sóknarprestur, sem annast sálgæslu og stuðning við sjúkraliða sem þess óska.

Séra Ægir bendir á að lengst af hafi hinum andlega þætti ekki verið sýndur nægilegur skilningur. „Við förum í ræktina og út að ganga og hlaupa til að halda líkamanum í formi, en það var lengi vel þannig að andlega þættinum var ekki sinnt sem skyldi. Maðurinn er bæði líkami og sál og við þurfum að huga að hvoru tveggja. Það sýnir framsýni Sjúkraliðafélagsins og starfsfólksins hérna á skrifstofunni hvað þau tóku vel í þessa hugmynd, og mikinn skilning á því hvað þessi þáttur er í raun og veru mikilvægur fyrir líðan fólks,“ segir hann.

Stóraukið álag

Álag á sjúkraliða sem vinna á heilbrigðisstofnunum hefur stóraukist undanfarna mánuði og misseri. Með þessari þjónustu vill Sjúkraliðafélagið koma til móts við félagsmenn sem þurfa stuðning og gefa þeim tækifæri til að létta af sér og fá ákveðna handleiðslu.

„Ég held að það hafi þegar sýnt sig að þetta er mikilvæg þjónusta,“ segir séra Ægir. „Fyrirkomulagið er þannig að sjúkraliðar panta viðtal hjá Sjúkraliðafélaginu, og samtölin fara síðan fram hér á skrifstofunni. Það ríkir að sjálfsgöðu algjör trúnaður um allt það sem sagt er í þessum samtölum okkar, fólk getur treyst því, og viðtölin eru sjúkraliðum að kostnaðarlausu.“

- *Hvað liggur þyngst á þeim sem komið hafa í viðtöl?*

„Það er ansi margt,“ svarar séra Ægir. „Stór hluti vandans er of mikið álag í vinnunni. Miklu vinnuálagi fylgir oft að þráðurinn verður styttri í öllum á vinnustaðnum og þá geta komið hnökror á samskiptaþáttinn í lífi fólks. Svo eru líka ýmiss erfið mál sem við erum öll að einhverju leyti með í farteskinu, og það er



„Maðurinn er bæði líkami og sál og við þurfum að huga að hvoru tveggja,“ segir séra Ægir Fr. Sigurgeirsson, sem veitir sjúkraliðum sálgæslu og handleiðslu.

einfaldlega þannig að þegar fólk er undir miklu álagi að öðru leyti þá koma þessi erfiðu mál upp á yfirborðið. Við slíkar aðstæður þarf fólk að ræða málin og reyna að gera það með þeim hætti að þau hafi sem minnst áhrif á daglega líðan. Þetta þurfa ekki alltaf að vera einhver alvarleg vandamál, það er bara svo mikilvægt fyrir fólk að geta rætt sín mál í trúnaði og losað þannig um það sem á hugarum hvílir. Þannig að það er margt sem kemur þarna upp og aðdánarvert hvað fólk hefur verið duglegt að nota sér þessa nýju þjónustu.“

Kennari og prestur

Séra Ægir hefur viðtæka reynslu af samskiptum við fólk sem kennari og prestur, auk þess sem hann hefur tekið mikinn þátt í félagsstarfi.

„Ég er Norðlendingur og lauk á sínum tíma stúdentsprófi og kennaraprófi og kenndi börnum í mörg ár, lengst af í Lækjarskóla í Hafn-

arfirði,“ segir Ægir sem átti sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar á áttunda áratugnum. „En þegar ég var 36 ára vendi ég mínu kvæði nokkuð í kross og innritaði mig í guðfræðideild Háskóla Íslands, en þaðan lauk ég prófi árið 1986. Ári síðar var ég vígður til Skagastrandarprestakalls þar sem ég þjónaði í þrjú ár, en tók við Kársnesprestakalli í Kópavogi árið 1990 og var þar í tæplega tuttugu ár.“

- *Hvers vegna fórstu í guðfræði á fertugsaldri?*

„Það átti sér töluverðan aðdraganda,“ svarar séra Ægir. „Stærri spurningar lífsins leituðu á mig og ég taldi að kirkjan ætti erindi við samtíðina, sem hún vissuleg á, þótt rödd hennar mætti heyrast enn sterkar. Ég á ekkert nema góðar minningar úr starfi mínu sem kennari og sóknarprestur. Mér fannst prestsstarfið að því leyti dálítið líkt kennarastarfinu að í báðum störfum erum við að vinna með fólki, og mér hefur alltaf látið vel að vinna með fólki.“

Þess má geta að á árunum 1999 til 2000 var séra Ægir við framhaldsnám í Kanada með sérstaka áherslu á sálgæslu.

Sjúkraliðar eru hvattir til að nýta sér þessa nýju þjónustu Sjúkraliðafélagsins og panta viðtalstíma á skrifstofunni.

„Stór hluti vandans er of mikið álag í vinnunni“



Ráðstefnan var mjög vel sótt og hvert sæti skipað í sal Rúgbrauðsgerðarinnar, en þar voru flutt fjölmörg fróðleg erindi.

Enn að berjast við sömu vindmyllurnar

„Í þau 20 ár sem stéttarfélagið hefur starfað hefur félagið þurft að berjast fyrir stöðu sinni bæði varðandi kjör, réttindi og viðurkenningu á menntun sjúkraliða. Félagið hefur farið í verkföll oft en einu sinni til áréttingar kröfum sínum. Þeirri baráttu lýkur aldrei og á ekki að ljúka því það er víst að halla fari undan fæti ef sofnað er á verðinum,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands við setningu ráðstefnu sem sjúkraliðar héldu 12. maí síðastliðinn, til að minnast þess að stéttarfélagið er tuttugu ára á þessu ári.

Ráðstefnan, sem var haldin í Rúgbrauðsgerðinni í samvinnu við Framvegis, var afar fjölsótt; ríflega 200 sjúkraliðar mættu til að fagna þessum merka áfanga.

Áfram er þörf á að berjast

„Í erindi sem formaður félagsins, sú er hér stendur, hélt hér í Rúgbrauðsgerðinni 5. febrúar 1991 kom fram í inngangi að ef sjúkraliðar sameinuðust í einu félagi væri hægt að koma í veg fyrir þann réttindamismun sem sjúkraliðar hefðu búið við eftir því hjá hverjum þeir störfuðu. Þannig gat farið að sjúkraliðar þyrftu að vera í yfir 30 starfsmannafélögum innan BSRB, félögum



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, setti ráðstefnuna í Rúgbrauðsgerðinni.

Þetta hefur náðst með öflugum stéttarfélagi og kröftugri samstöðu sjúkraliða, þegar á hefur reynt.

innan ASÍ, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eða jafnvel engu félagi. Þá kom fram í sömu ræðu að undanfarið hefðu stöðugildum sjúkraliða fækkað umtalsvert á nokkrum stofnunum, bæði væri um að ræða að hjúkrunarfræðingar tækju yfir stöður og einnig Sóknarstúlkur.

Af þessu má sjá að enn þurfum við 20 árum seinna að berjast við sömu vindmyllurnar. Það segir okkur ekkert annað en að áfram er þörf á að berjast.

Ef sú baráttu sem verið hefur síðastliðin 20 ár hefði ekki farið fram, er ég hrædd um að ekki væru jafn margir starfandi sjúkraliðar í dag og raun ber vitni. Þetta hefur náðst með öflugum stéttarfélagi og kröftugri samstöðu sjúkraliða, þegar á hefur reynt.

Menntun sjúkraliða hefur þróast á jákvæðan hátt með dyggri aðstoð menntastofnana í landinu. Má þar sérstaklega geta Fjölbrotaskólans við Ármúla, en sá skóli undir stjórn þáverandi skólameistara Sölva Sveinssonar barðist fyrir því með sjúkraliðastéttinni að sett væru á fót kjarabundin námskeið. Það var einnig með hans tilstuðlan að Framvegis, fræðslumiðstöð sjúkraliða, varð að veruleika.

Kristín rifjaði upp stofnun stéttarfélagsins 11. maí árið 1991, en sama ár varð SLFÍ



Magnús Jóhannsson, doktorsnemi, flytur erindi sitt.

félagi í BSRB. „Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 20 árum og hef ég oft sagt að áhugavert hefði verið að halda dagbók yfir þá atburði sem félagið og starfsmenn þess hafa gengið í gegn um. Hinsvegar er Sjúkraliðinn fréttablað stéttarinnar yfirfullt af fróðleik sem spannar öll árin og langt fyrir þann tíma og þá sem fréttablað fagfélagsins. Eins og sjúkraliðar vita var fagfélagið stofnað árið 1966 eða fyrir 45 árum síðan. Ég vil svo að lokum minna ykkur sjúkraliðar góðir á það slagorð sem við höfum notað í yfir 20 ár: „Samstaða er afl sem ekkert fær staðist!“

Fjölbreytt dagskrá

Mörg forvitnileg erindi voru flutt á ráðstefnunni.



Gunnar Hersveinn, heimspekingur, ræðir spor sem bæta heiminn.

Edda Björgvinsdóttir, leikkona, gerði mikla lukku með fyrirlestri sínum „Húmor og heilsa – dauðans alvara.“

Oddi Erlingsson, sálfræðingur ræddi um „Hugleiðslu í dagsins önn.“

Eftir kaffihlé flutti Magnús Jóhannsson, doktorsnemi í taugasálfræði, erindið: „Hvað er sálrænt minnisleysi og getur það hent hvern sem er?“

Gunnar Hersveinn, heimspekingur, ræddi síðan um „Níu spor sem bæta heiminn.“

Ráðstefnan var svo vel sótt af sjúkraliðum að flytja þurfti hana í stærra húsnæði en upphaflega var auglýst, og þótti takast afar vel í alla staði.



Edda Björgvinsdóttir, leikkona, fór á kostum í erindi sínu.



Oddi Erlingsson, sálfræðingur, ræddi um hugleiðslu í dagsins önn.



Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Framvegis sem stóð líka að ráðstefnunni.



Svipmyndir frá ráðstefnunni

Ráðstefna Sjúkraliðafélagsins og Framvegis, sem haldin var í Rúgbrauðsgerðinni í tilefni af tuttugu ára afmæli stétt-

arfélagsins, var afar vel sótt. Hér á síðunni eru birtar nokkrar svipmyndir af hressum sjúkraliðum á ráðstefnunni.



Framhaldsnám í geðhjúkrun hafið

Sautján einingar á fyrstu önninni

Framhaldsnám í geðhjúkrun fór af stað í Fjölbrotaskólanum við Ármúla í ársbyrjun 2011, eftir mikla undirbúningsvinnu Fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands síðastliðin ár. Á nefndin miklar þakkir skildar fyrir vel unnið starf í þágu framhaldsnáms sjúkraliða.

Námskráin er í samræmi við fjórða þrep framhaldsskóla. Önnin var alls 17 einingar. Námskráin var mjög metnaðarfull, efnistöð góð og var vel skilað til nemenda. Veruleg verkefnavinna var og tókst hópurinn á við skemmtilega hluti í náminu sem tengdust geðsjúkdómum, fordómum, lögum og reglugerðum fyrir sjúklinga, geðhjúkrun og margt fleira. Of langt mál er að telja allt sem var gert á önninni. Þegar á heildina er litið voru sjúkraliðar ánægðir með námið.

Margar góðar og efnismiklar ritgerðir voru gerðar ásamt fjölda kynninga um hin ýmsu efni er tengjast geðhjúkrun og geðsjúkdómum. Það sem flestum fannst standa upp úr var kynning á geðsjúkdómum er fór þannig fram að nemendur áttu að sjá



Sjúkraliðar í sérnámi í geðhjúkrun. Efsta röð frá vinstri: Bjarney Ólsen Richardsdóttir, Jakobína Rut Daníelsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Guðlaug Steinunn Kristófers, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Sigríður Inga Haraldsdóttir, Halldóra Lydía Þórðardóttir, Halla Jónsdóttir, Magðalena S. Kristinsdóttir, Ingigerður Arnardóttir, Ásdís Gunnarsdóttir, Jóhanna Traustadóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Þórunn Björg Haraldsdóttir. Hrefna Harðardóttir. Neðsta röð: Gunnar Fr. Rúnarsson, Bjarni Már Bjarnason.

biómyndir er fjalla um persónur með geðsjúkdóma og gera verkefni út frá því.

Við vonumst til að í framtíðinni muni greinar úr náminu birtast í Sjúkraliðablaðinu.

„Námið mjög metnaðarfullt“

Sjúkraliðinn fékk tvo sjúkraliða sem sóttu framhaldsnámið til að segja frá reynslu sinni, þær Hrefnu Harðardóttur og Þórunni Björg Haraldsdóttur:

„Loksins byrjaði námið, búið var að bíða lengi og síðastliðin þrjú ár átti alltaf að byrja næsta vor eða næsta haust. Eftirvæntingin var orðin mikil loksins þegar námið byrjaði og þorði maður ekki að trúa því fyrr en búið var að borga námsgjaldið.

Þar sem við höfum svo öflugt félag á bak við okkur, eins og Sjúkraliðafélag Íslands er, fengum við námsgjaldið endurgreitt svo til samdægurs og vorum við afar stoltar þegar við sögðum vinnufélögum okkar frá því.

Þann 11. janúar 2011 byrjaði fyrsti kennsludagurinn og var kennt á þriðjudögum og fimmtudögum frá 14:00 til 18:00, en margir af nemendunum voru í fullri vinnu með náminu. Þegar námið var kynnt fyrsta kennsludaginn, þá var talað um að gott væri að vera í líttilli vinnu til þess að byrja með, en þar

sem það tíðkast ekki lengur innan LSH að fá fullt námsleyfi þá urðum við að láta gott heita og leggja meira á okkur. Námið var sett upp í lotukennslu þannig að tvö fög voru tekin í einu og þau kláruð áður en næstu fög byrjuðu. Á Rannveig Þöll, hjúkrunarfræðingur og kennari, hrós skilið fyrir hversu mikinn metnað hún lagði í undirbúning varðandi námið. Bæði vorum við með afar hæfa kennara og námið mjög metnaðarfullt og þurfti töluverða vinnu til að geta fylgst með svo vel væri. Í öllum kennslustundunum í vetur náðu kennararnir að viðhalda áhuga okkar þar sem allir fyrirlestrarnir voru áhuga-verðir, fróðlegir og skemmtilegir, ásamt góðum glósum sem við fengum alltaf frá kennurum sem sýndu að mikil vinna lá að baki hverrar kennslustundar.

Tókum við fjögur fög á fyrstu önninni, hvert öðru áhuga-verðara og hlakkar okkur mikið til að halda áfram næsta vetur með sama fyrirkomulagi.“

Verum stolt af sögu sjúkraliða

Í fyrstu kennslustundinni hjá Eydísi K. Sveinbjarnadóttur var fjallað um sögu geðhjúkrunar. Eydís velti upp spurningunni hvort einhver hefði skráð eða væri að skrá sögu starfsstéttar sjúkraliða á Íslandi, og ef svo væri þá hvar hana væri að finna. Þessi spurning sat í mér. Að því er ég best veit er erfitt að finna þessa sögu. Þess vegna ákvað ég að skrifa örlítið um sjúkraliðastéttina á Íslandi frá upphafi, þ.e. frá 1960. Þar sem saga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða fléttast saman langaði mig eins að fjalla um hjúkrunarfræðinginn Maríu Finnsdóttur og sjúkraliðann Sigríði Kristinsdóttur.

Mikill skortur var á hjúkrunarfræðingum á Íslandi eftir seinni heimsstyrjöldina. Það leiddi til þess að farið var að skoða möguleika á öðrum starfskröftum. Hjúkrunarfræðingar og læknar, sem komu úr námi frá Evrópu og Ameríku, höfðu frá sjúkraliðastéttinni að segja.

Upphaf sögu sjúkraliða er að finna hjá Ragnheiði Guðmundsdóttur augnlækni 1962. Hafði hún þá kynnst stétt sjúkraliða í Bandaríkjunum, svokallaðra „practical nurses“. Hóf hún kynningu á þessari stétt með blaðaskrifum og erindum sem hún flutti m.a. á fundi stjórnar Rauða kross Íslands. Svo fjórum árum seinna útskrifuðust fyrstu 14 sjúkraliðarnir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, eða þann 26. maí 1966. Í kjölfarið útskrifaði Kleppspítali 11 sjúkraliða 15. júní sama ár.

Hvað á barnið að heita

Þegar Ragnheiður kom með hugmyndina um nýja stétt hjúkrunarfólks á fundi stjórnar Rauða kross Íslands talaði hún um „líknarsystur“ og „sjúkrasystur“. Þetta voru fyrstu hugmyndirnar um nafn sjúkraliða. Þegar stjórnvöld fóru að fjalla um stéttina 1964 voru nöfn eins og „sjúkrahjálpari“, „sjúkraþerna“ og „sjúkraþjónn“ nefnd. Heppin vorum við sjúkraliðar að mínu mati þegar Ingibjörg R. Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur og þáverandi forstöðukona Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri kom með heitið „sjúkraliði“. Varð strax almenn ánægja með það nafn.

Þetta hafa að öllum líkindum verið



Húsnæði BUGL, Barna-og unglingageðdeildarinnar við Dalbraut.

Höfundur ritgerðarinnar

Hrefna Harðardóttir, sjúkraliði, skrifaði þessa ritgerð á fyrstu önn í framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Kennarar hennar voru Eydís K. Sveinbjarnardóttir og Rannveig Þöll Þórsdóttir.

Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði

María Finnsdóttir hjúkrunarfræðingur tók við stjórn hjúkrunar á Kleppspítala af Guðríði Jónsdóttur árið 1963. Þetta var tími mikilla breytinga. María hóf grandskoðun á aðbúnaði sjúklinga. Rýndi hún t.d. í hvernig þeir væru staddir varðandi fatnað, en þá voru allir sjúklingar í búningum frá sjúkrahúsinu. Fötin voru púkaleg; karlmennirnir í of stuttum buxum og konurnar í ljótum kjólum.

Margir sjúklinganna höfðu verið á Kleppi árum, jafnvel áratugum saman, og voru fót sjúklinganna í skápum þeirra frá því að þeir lögðust inn, ónýtanleg í flestum tilfellum. Var farið í að kaupa fót á sjúklinga. Átti þetta að leiða til betri sjálfsmyndar. Einnig lagði María áherslu á að umhverfið á spítalanum væri gert notalegra og heimilislegra. Lagðir voru peningar í að kaupa húsgögn, gardínur og aðra hluti eins og til dæmis blóm. Þegar María hóf störf borðuðu sjúklingarnir sitjandi á rúmum sínum inni á herbergjum sínum og notuðust við járnenska og -bolla. Þeir höfðu ekki borð til að sitja við þannig að diskana þurftu þeir að hafa á hnjánum. María kom því á að sjúklingarnir borðuðu saman í matsal. Þótti það mikil bjartsýni hjá Maríu að bjóða þeim upp á borðbúnað úr leir en það reyndist betur en þorað hafði verið að vona.

María virðist hafa verið meðvituð um hversu mikilvægt umhverfið er þegar manneskjan er annars vegar, hvort sem er á geð-

skemmtilegar og áhugaverðar umræður. Það væri töluvert öðruvísi að vera í framhaldsnámi í geðhjúkrun fyrir líknasystur.

Merki sjúkraliða er athygli vert. Það er blóm sem heitir „blómgaður lífssproti“ „Listera cordata“ og er af ætt brönu-grasa „orchidaceae“ og lauka og vex upp af tveimur hjörtum. Þetta er harðgert blóm sem lifir í mýri.

Þegar ég fór að skoða þetta verkefni fann ég fyrir stolti yfir að vera sjúkraliði

sjúkrahusi eða annars staðar. Þegar ég las um Maríu kom samstarfskona mín til tíu ára, hún Sigríður Kristinsdóttir sjúkraliði, strax upp í huga mér. Varð mér hugsað til hennar vegna þess að hana einkennir heiðarleiki, afar sterk réttlætiskernd og óbilandi hlýja og velvilji í garð sjúklinga og samstarfsfólks. Birtast þessi persónuleikaeinkenni hennar m.a. í því hversu vakandi hún er fyrir umhverfi skjólstæðinga sinna og samverkafólks og áherslunni sem hún leggur á að umhverfið sé hlýlegt og notalegt. Eins ber að nefna ósigrandi baráttuvilja hennar fyrir réttindum sjúklinga sem og sjúkraliða og t.d. var hún formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 1991-1997 og átti sæti í stjórn BSRB frá árinu 1991.

Sigríður var vitni að og þátttakandi í jákvæðum breytingum á umönnun geðsjúkra á Íslandi. Hún hóf störf á Kleppi árið 1968 og starfaði þar þegar María Finnsdóttir var þar yfirmaður hjúkrunar. Sigríður segir að þegar hún kom fyrst á Klepp hafi endurbætur á aðbúnaði og umhverfi sjúklinga enn verið í fullum gangi. Sagði hún frá því að þá hafi enn verið bogalaga op á veggjum milli sjúkrastofa til að auðvelda eftirlit með sem flestum sjúklingum í einu. Þá voru sex rúm í herbergi, svo þétt að aðeins var hægt að koma náttborði á milli eins og er getið í ritinu Kleppur í 100 ár.

Að sögn Sigríður áttu miklar breytingar sér stað á tímanum sem hún starfaði á Kleppi. Meira var farið að hugsa um hvað sjúklingarnir vildu sjálfir. Í upphafi hafði t.d. morgunkaffinu verið hagað þannig að byrjað var á að laga kaffi fyrir starfsfólkið, síðan var bætt smá kaffi í pokann og lagað úr því fyrir sjúklingana. Sagði Sigríður frá því að svo hefði sakkarín verið sett í kaffið, hvort sem sjúklingarnir vildu sykur eða ekki. Þessu var breytt. Sigríður talaði um að á þessum tíma hefði t.d. verið farið að hafa yfirsetu yfir órólegum sjúklingum eins og geðhvarfasjúklingum í uppsveiflu. Áður höfðu þeir getað farið um alla deildina að vild en þegar yfirsetan var sett á voru þeir í ró og næði, með starfsmann með sér allan tímann. Sagði hún sjúklingana hafa sagt sér að þetta reyndist þeim vel. Að þeirra sögn var það vegna þess að með þessu fyrirkomulagi væru þeir öruggari. Engu minna mikilvægt þótti þeim hins vegar sjálfum að fá að halda virðingu sinni og reisn með því að láta ekki alla aðra á deildinni sjá sig í slæmu ástandi.

Sigríður útskrifaðist úr sjúkraliðanáminu frá Kleppspítala 1972. Spannaði námið þá átta mánuði. Þá fengu sjúkraliðar einnig eina viku á ári til námskeiða, sem hún sagði hafa verið gott og að þannig hefði liðsheilid sjúkraliða eflst mikið. Sigríður starfaði á Kleppspítala frá 1968 til 1984. Vann hún á öllum deildum

Útskrift

*Staðið hef ég ströngum leik,
stýrt að vissu miði.
Stefndi hátt og stend hér keik,
stolt, sem sjúkraliði*

*Soffía Karlsdóttir,
Sjúkraliðinn, 1. tbl., 4. árg., bls. 6.*



Húsnæði geðdeildar Landspítalans.

spítalans á þeim tíma. Í sex ár, frá 1984 til 1990, starfaði Sigríður á Kvennadeild Landspítala. Sigríður gegndi störfum sem trúnaðarmaður Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 1972 til 1990, sat í stjórn Sjúkraliðafélags Íslands frá 1972 til 1982 og var formaður Sjúkraliðafélagsins frá 1979 til 1982. Á þessum tíma var Sigríður einnig starfsmaður Kvennaathvarfsins, frá 1989 til 1990. Sigríður átti margar skemmtilegar og fróðlegar sögur í sínu farteski.

Sigríður vann á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans á árunum 2000 til 2010. Varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vinna með henni öll þessi ár. Vel má merkja spor Sigríðar á deildinni. Hún hafði þann eiginleika að sjá það sem mátti betur fara í umhverfi deildarinnar, finna leiðir til lausnar og fram-

*Þá voru allir sjúklingar í
búningum frá sjúkrahusinu.
Fötin voru púkaleg;
karlmennirnir í of stuttum
buxum og konurnar
í ljótum kjólum.*

kvæmda. Segja má sem svo að hún hafi verið „húsmóðir“ deildarinnar. Hún hafði algera forystu um að gætt væri að því að hafa hlýlegt á deildinni öll þessi ár. Hún gerði deildina eins heimilislega og öryggi og efni leyfðu. Eins var hún einstaklega næm á þessa litlu hluti sem skipta svo miklu máli. T.a.m. kom það oftar en einu sinni fyrir að hún aðstoðaði eitthvert barnið með því að gera við, eða þvo af því fót. Eins var hún fljót til að útvega skjólstæðingum sínum hreinlætisvörur hefðu þeir þau af einhverjum ástæðum ekki með

sér að heiman. Var það alls ekki óalgennt að Sigríður mætti áður en vaktin hennar átti að hefjast til að sinna þessum verkum og hlúa þannig að börnunum. Þakklæti sitt í hennar garð sýndu börnin gjarnan á kveðjustund við útskrift af deildinni.

Lokaorð

Þegar ég fór að skoða þetta verkefni fann ég fyrir stolti yfir að vera sjúkraliði og tilheyra merkilegristétt. Oft hef ég heyrt sagt „ég er bara sjúkraliði og ég ætla að fara í hjúkrun við fyrsta tækifæri“. Flestir hjúkrunarfræðingar sem ég umgengst eiga merki hjúkrunarfræðinga sem er falleg næla og tákn hjúkrunarfræðinga. Af þeim sem útskrifuðust með mér fékk sér enginn nælu til að vera stoltur af, gaman væri að allir sjúkraliðar líti á sína nælu með stolti eins og við sjáum hjá hjúkrunarfræðingum. Við sjúkraliðar þurfum að vera stoltir af náminu okkar, sjúkraliðanámið er vandað, faglegt og gott nám. Við þurfum að halda utan um sögu okkar og ná í sögur og safna þeim áður en við missum af þessu fólki sem útskrifaðist á fyrstu árum sjúkraliðans. Við verðum að vera vakandi og stolt af okkar sögu og okkar fólki. Og nú er að hefjast handa og finna einhvern sem getur skrifað sögu okkar.

Kynjabókhald BSRB 2011

Óbreytt ástand frá fyrra ári



Kynjabókhald BSRB árið 2010 leiddi í ljós að auka þurfti hlut kvenna í stjórn bandalagsins. Árið 2010 voru félagsmenn 69% konur og 31% karlar, en hlutfall kvenna innan stjórnar BSRB var einungis 41% á móti 59% karla. Engin breyting hefur orðið árið 2011 hvað kynjahlutföll félagsmanna BSRB varðar þrátt fyrir að þó nokkrar breytingar hafi orðið á félagatölum aðildarfélaganna. Hlutföll kynja innan stjórnar BSRB 2011 er einnig óbreytt.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um kynjabókhald BSRS sem lögfræðingur bandalagsins, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, tók saman og birt var 1. maí síðastliðinn.

Um 70% félagsmanna konur

Í greinargerð hennar kemur fram að aðildarfélög BSRB eru 27 talsins en að meðtöldu Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja eru þau 28. Fjöldi félagsmanna er rúmlega 22.000 og eru um 70% félagsmanna konur. Þrátt fyrir að mikill meirihluti félagsmanna BSRB sé konur eru félagsmenn a.m.k. fjögurra aðildarfélaga BSRB að meirihluta til karlmenn, svo sem Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Landsamband lögreglumanna.

Samkvæmt einni af megináherslum álykt-



unar síðasta þings BSRB um jafnréttismál skal bandalagið vinna að jafnrétti í innra starfi samtakanna hvort sem um er að ræða við stefnumótun eða þátttöku í nefndum, stjórnnum og ráðum. Samþykkt var á þinginu að greina þurfi lykiltölur eftir kynjum á öllum helstu sviðum í starfsemi bandalagsins og aðildarfélaganna og að ávallt skulu vera fyrir hendi haldbærar upplýsingar til stuðnings við stefnumótun og ákvarðanatöku. Í samræmi við ályktun um jafnréttismál hefur jafnréttisnefnd BSRB unnið að gerð kynja-


bókhalds sem skal gefið út árlega, og sér nú dagsins ljós í annað sinn.

Konum fjölgar í stjórnnum aðildarfélaga


Hlutföll kynja í nefndum er starfa á vegum bandalagsins hefur heldur ekki breyst á milli ára, enda eru fulltrúar þeirra kjörnir á þingi BSRB sem haldið er þriðja hvert ár. Fyrir næsta þing BSRB 2012 er mikilvægt að jafna kynjahlutföll fulltrúa sem kjörnir eru til nefndarsetu en helst má nefna fræðslunefnd, heilbrigðis- og velferðarhóp sem og jafnréttisnefnd, segir í niðurstöðum skýrslunnar.

Breyting hefur hins vegar orðið á milli kynjasamsetningar samtölu allra stjórnarmanna innan aðildarfélaganna 2011 miðað við 2010. Þar hafa konur aukið hlut sinn úr 56% í 62%. Að sama skapi hefur körlum fækkað úr 44% í 38%.

Hjá flest öllum aðildarfélögum eru kynjahlutföll félagsmanna í samræmi við kynjahlutföll stjórnar og fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsins. Þau félög sem helst þyrftu að hafa í huga að jafna kynjahlutföllin betur í stjórnnum sínum eru FosVest, SDS, St. Rúv og STFS. Þau félög sem þyrftu helst að hafa í huga að jafna kynja-



HLUTFALL KARLA OG KVENNA INNAN AÐILDARFÉLAGA BSRB




Á myndinni eru eingöngu tilgreindar upplýsingar um félagsmenn með beina aðild. Þar af leiðandi eru ekki upplýsingar um Samband lífeyrisþega ríkis og bæja.

hlutföll hjá fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum innan þess eru FFR, FOSA, FSS, St. Fjall og STAF.

Hjá einstaka félögum er forvitnilegt að skoða hvort kynjahlutföll félagsmanna hafi breyst í ljósi mikilla hagræðingarkrafna á atvinnurekendur með tilheyrandi uppsögnum á síðastliðnu ári. Flest kynjahlutföll aðildarfélaga breyttust um 1-3% 2011


þótt meiri breytingar megi sjá hjá hluta þeirra. Þar má nefna Starfsmannafélag Hafnarfjarðar en þar jókst hlutfall kvenna um rúmlega 6% og Starfsmannafélag Kópavogs þar sem hlutfall karla jókst um tæp 6% milli ára. Mestu breytinguna var þó að sjá á Starfsmannafélagi Seltjarnarness en þar jókst hlutur karla um tæp 9,5% árið 2011, segir í skýrslunni.

FÉLAGSMENN BSRB



Heildarfjöldi félagsmanna BSRB er 22.298 og eru konur 15.482 og karlar 6.816.

STJÓRN STYRKARSJÓÐS BSRB



Að meðtöldum varamönnum sitja samtals 7 í stjórn styrktarsjóðs BSRB. Þar af eru 4 karlar og 3 konur. Stjórn sjóðsins er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn.



Séð inn í endurbætt eldhúsið.

Endurbætur á Sigurhæð

Orlofshúsið félagsins í Biskupstungum hefur verið endurnýjað að verulegu leyti. Skipt var um gólfefni, eldhúsinnrétting endurnýjuð, kominn er stór ísskápur og bætt var inn sambyggðri eldavél og uppþvottavél.

Orlofsnefnd félagsins ákvað vegna ítrekaðra óska félagsmanna að leyfa hundahald í bústaðnum í tilraunaskyni þetta árið. Nefndin leggur mikla áherslu á að dvalargestir sem nýta sér þennan möguleika gangi vel um og gæti þess að hundarnir séu ekki uppi í sófum og rúmum eða á öðrum stöðum sem þeim eru ekki ætlaðir. Gætt sé að því að þrifa húsið sérstaklega vel og einnig svæðið umhverfis húsið að lokinni dvöl.

Umgengni um orlofshúsin

Orlofsnefnd Sjúkraliðafélags Íslands hefur alltaf lagt áherslu á að halda kostnaði við rekstur og viðhald bústaðanna í lágmarki. Ekki hafa verið ráðnir umsjónarmenn við bústaðina og dvalargestum hefur verið treyst til að ganga vel um og þrifa bústaðina þannig að næsti gestur geti notið dvalarinnar.

Nú hefur það borið við í auknum mæli að sjúkraliðar koma að orlofshúsum óþrífnum eða illa þrífnum, grillum grútskítugum og svo mætti lengi telja. Orlofsnefnd hefur hingað til ekki þurft að vera með reglur um viðurlög við slíkum frágangi og vonast í lengstu lög til að sleppa við slíkt. Orlofsnefnd SLFÍ áskilur sér héðan í frá fullan rétt til að innheimta þrífagjöld af þeim sem sannanlega verða uppvísir af slæmri umgengni.

Kæru sjúkraliðar, félagið hvetur alla sjúkraliða til að njóta sumarsins og þeirra orlofskosta sem félagið býður uppá og gæti að því að aðkoma félaga ykkar að bústöðunum sé eins og þið viljið hafa hana.

Athvarf og bjargvættur

Málefni langveikra barna og hetjuleg bar-
áttá þeirra við ýmsa sjúkdóma og/eða fötlun
eru oft til umfjöllunar í fjölmiðlum. Oftar en
ekki gleymist þó að á bak við þessi börn er
fjölskylda og gjarnan systkini sem eru al-
heilbrigð. Systkini langveikra/fatlaðra barna
gleymast gjarnan í umfjöllun um langveik
börn. En hvernig er það að vera systkini lang-
veiks barns og eru einhver ráð til að bæta að-
stæður þeirra?

Ég skoðaði hvernig foreldrar langveikra
barna geta átt „venjulegt líf“, með hinum
börnunum sínum sem eru heilbrigð með því
að fá aðstoð sem hentar best. Tilgangurinn
var að varpa ljósi á hversu jákvæð áhrif deild
sem Rjóðrið hefur á börnin sem þar dveljast,
systkini þeirra og fjölskyldur. Flest barnanna
sem koma í Rjóðrið eru börn sem þurfa mikla
umönnun og þeim fylgir gjarnan ýmislegt dót
og hjálpartæki sem getur verið hindrun fyrir
fjölskyldur í að lifa hefðbundnu fjölskyldulífi.
Venjulegar fjölskylduáhrif eins og sund-
ferðir, fara á skíði eða í bíó getur verið ógerlegt
fyrir þá sem eiga langveik, fötluð börn. Því
fylgir í minnsta falli mikil fyrirhöfn. Megin við-
fangsefnið var að komast að því hvort systkini
langveikra barna eigi þess kost að geta notið

þess að eiga góða stund með foreldrum sínum
(aðstandendum) með fullri athygli þeirra.

Í rannsóknunum og viðtölum þar sem rætt
hefur verið við börn sem eiga langveik systki-
ni kemur fram að heilbrigða barnið finnur oft
fyrir einangrun, einmannaleika og missi þegar
foreldrar eru uppteknir og áhyggjufullir
yfir fötlun eða veikindum langveika barns-
ins. Systkininum finnst þau vera vanrækt og
einangruð frá foreldrum og finnst þeim
þau ekki fá nægilega athygli eða nægar upp-
lýsingar um fatlaða eða veika systkinið. Þau
verða oft afbrýðisöm yfir þeirri athygli sem
veika barnið með sérþarfir fær og öllum þeim
tíma sem foreldrarir eyða með barninu. Þau
verða leið yfir því að hafa meiri ábyrgð á heim-
ilinu heldur en vinir þeirra, eins og að passa
systkinið með sérþarfir og að þurfa að sinna
fleiri heimilistörfum. Þau finna fyrir þessum
þingum yfir því að ekki er hægt að gera þetta eða hitt
út af systkininu sem er fatlað eða veikt. Þrýst-
ingur um að standa sig er oft meiri á börn sem
eiga veik systkini. Þau þurfa að standa sig vel
í skóla, íþróttum og jafnvel eru kröfur um að
vera alltaf þrúð og stillt. Foreldrum barna með
sérþarfir hættir við að leggja óeðlilega miklar
kröfur á hin börnin sín um að standa sig vel í

þeim atriðum sem barnið með sérþarfir mun
hugsanleg ekki verða fært um að gera.

En hvað er hægt að gera til að reyna að láta
systkini langveikra líða betur?

Systkini eru þeir einstaklingar sem eiga
eftir að vera veika barninu mikill stuðningur
í gegnum lífið. Það eru þau sem eiga að jafn-
aði eftir að eyða meiri tíma með langveika
barninu en foreldrarir og þegar þeirra nýtur
ekki lengur við eru það gjarnan systkini sem
taka við umönnunarhlutverkinu. Þess vegna
er nauðsynlegt að hlúa vel að þeim og upplýsa
þau um gang mála.

Þar sem systkini eru í lífi systkina sinna
með sérþarfir meiri hluta ævinnar, þá er líðan
þeirra og þekking mikilvæg, ekki aðeins fyrir
veika einstaklinginn sem þarf ef til vill að reiða
sig á stuðning þeirra síðar meir, heldur líka
fyrir samfélagið sem mun njóta góðs af þátt-
töku þeirra í lífi þessara einstaklinga. Það er
því mikilvægt að hvetja foreldra til að gefa sér
tíma með „heilbrigðu“ börnunum sínum, nota
þá aðstoð sem býðst og fá hvíld frá umönnun
langveika barnsins.

*Stutt samantekt úr verkefni Berglindar Sigurð-
ardóttur sem var í vinnustaðanámi 305 í Rjóðrinu.*

Fyrst þarf að byggja grunn

Í verknámi mínu var ég á langlegudeild á Kleppsspítala og í
verkefni mínu velti fyrir mér hvort fjölskylduvinna skipti máli
há geðsjúkum einstaklingi sem einnig glímdi við þroskahömlun.
Leitaðist ég einnig við að skoða hvort uppeldisaðferðir hefðu áhrif
á þróun mála.

Á undanförunum árum hefur heilbrigðisþjónustan lagt aukna
áherslu á fjölskylduhjúkrun. Fólk í dag gerir auknar kröfur um að
tekið sé tillit til nánustu fjölskyldumeðlima þegar einn úr fjölskyld-
unni veikist. Fyrir ekki svo ýkja mörgum árum var það viðtekin
venja að foreldrar mættu aðeins verja tveimur klukkustundum á
sólarhring hjá veikum börnum sínum á sjúkrahöfnun. Með breyttum
þjóðfélagsáttum hefur orðið mikil breyting þar á á undanförunum
árum. Ekki hvað síst vegna tilkomu fjölskyldumóðels sem „kallast
Calgary-fjölskyldumódelið en það er kerfi þar sem hægt er að flokka
upplýsingar þær sem við fáum til að við skiljum hvernig fjölskyld-
ur haga sér. Tilgangurinn með þessu líkani er að skoða og meta
fjölskylduna, skipuleggja upplýsingar sem aflað hefur verið, greina
styrkleika og vandamál fjölskyldunnar og greina áherslur í hjúkrun
fjölskyldunnar.“

Þegar fjölskyldufundur er haldinn er byrjað á að velja þær spurn-
ingar sem á að spyrja: - Hvað skiptir mestu máli núna? Á hvern hafa
veikindin mest áhrif? Hvernig aðstoð viljið þið núna? Hvaða stuð-
ning getum við veitt ykkur núna? Hvað hefur reynst ykkur best áður?

Ef það væri ein spurning sem þú/þið gætuð fengið svar við núna,
hver væri hún?

„Þegar útkoman úr uppeldisaðferðum er skoðuð er augljóst
að miklu máli skiptir hvaða aðferðum foreldrar beita en einnig er
nauðsynlegt að skoða marga aðra þætti eins og kyn, kynþátt og fjöl-
skyldugerð. Það virðist vera gegnumgangandi sama hvar er stung-
ið niður fæti í okkar menningarheimi að minni kröfur eru gerðar til
velmegunar stúlkna en drengja og að uppeldisaðferðir leiðandi for-
eldra koma alls staðar jafn vel út varðandi líkamslegrar og andlegrar
velferðar barna hvort heldur er í Afríku, Asíu, Evrópu og Suður-
Ameríku.“

Niðurstöðurnar sem ég dreg af þessari verkefnavinnu minni eru
þær að byrja þarf á því að byggja grunninn fyrst. Það skiptir ekki máli
hvort barn er heilbriggt eða með einhverjar þroskahamlanir, það verð-
ur að setja skýr skilaboð, byrja með fáar og einfaldar reglur sem síðan
eru endurskoðaðar eftir því sem barnið þroskast og vex. Foreldrarir
verða líka að fara eftir þessum reglum, ekki láta þær bara gilda þegar
það hentar þeim. En reglur einar og sér duga skammt. Barnið þarf
að fá örvun og hvatningu til að geta þroskast á sem eðlilegastan hátt.
Barn með þroskaskerðingu þarf jafnvel enn meiri hvatningu til að
geta staðið á eigin fótum og átt eðlileg samskipti við annað fólk.

Stutt samantekt úr verkefni Jólönnu Báru Hallgrímsdóttur.

Málstofa sjúkraliðabrautar FB

Útskriftarnemendur sjúkraliðabrautar Fjölbrotaskólans í Breiðholti héldu málstofu 4. og 5. maí síðastliðinn eins og hefur verið undanfarin ár. Nemendur kynntu niðurstöður úr lokaverkefnum sínum eftir vinnustaðanam á mörgum sérdeildum Landsspítala háskólasjúkrahúss á geðsviði, barnasviði og kvennasviði. Verkefni voru ólík hvað varðar efnistöð og áherslur og afar fróðleg fyrir áheyrendur. Alls voru 25 erindi flutt á þessum tveimur dögum og góður rómur gerður að flutningi nemenda en samantekt úr þremur verkefnum birtast hér. Margir gestir, bæði fagfólk frá Landsspítala háskólasjúkrahúsi sem og aðstandendur og nemendur voru sam-mála um að verkefni hefðu verið afar fjölbreytt og sýnt vel kunn-áttu og þekkingu nemenda.

Í samfélagshjúkrun, hjú 503, er haft að leiðarljósi hvernig sjúkaleiki eins fjölskyldumeðlims hefur áhrif á alla fjölskylduna og skoðum við ýmsar kenningar til að dýpka skilning okkar á þörfum fjölskyldunnar, styrkleikum og úrræðum hennar. Fjallað er um geðraskanir og hvernig fjölskyldunni reiðir af í þeim vanda, drykkjusýki og afleiðingar hennar á fjölskylduna alla sem og afleiðingar langvinnra veikinda barna á fjölskyldur.

Við skoðum kenningar til að reyna að fá svör við því hvernig fjölskylda verður til og er Calgary-fjölskyldumódelið eitt af því sem við kynnum okkur vel. Einnig skoðum við persónuleikakenningar Erik Eriksonar til að vekja athygli nemenda á mikilvægi barna- og unglingsáranna og hversu nauðsynlegt er að hlúa að fjölskyldunni í heild þegar einhver veikir. Á það sérstaklega við þegar um börn og unglinga er að ræða sem ganga í gegnum mikinn andlegan, félagslegan og líkamlegan þroska og eru að fást við mörg verkefni þar að lútandi sem veikindi svo sannarlega geta sett strik í reikninginn.

Ég hef kennt samfélagshjúkrun í mörg ár og haldið utan um nám nemenda á sérdeildum og tilgangurinn með málstofu er að nemend-



Dagskólanemendur, frá vinstri í efri röð: Bergrún Hafsteinsdóttir, Lilja Jóhanna Bragadóttir, Halldóra Dögg Jónsdóttir, Daði Gíslason, Alma Rut Þorleifsdóttir, Sofía Douglas, Jónína Lilja Þórarinsdóttir, Thelma Lind Jónasdóttir, Rebekka A. Skúladóttir og Berglind Sigurjónsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Margrét Helgadóttir, Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir og Inga Hrönn Þorsteinsdóttir. Á myndina vantar Berglindi Garðarsdóttir og Söndru Þorvaldsdóttir. Ekki var tekin mynd af kvöldskólanemendum á málstofunni, en þeir voru Berglind Sigurðardóttir, Caren E. Sigurðsson, Elísabet Kristjánsdóttir, Inga Björk Gunnarsdóttir, Jóhanna Bára Hallgrímsdóttir, Jóna Valdís Indriðadóttir, Kristín Elísabet Þórarinsdóttir og Kristjana Marin Ásbjörnsdóttir.

ur sem eru að ljúka námi átti sig á umfangi náms og þekkingar sinnar og einnig hitt, að nemendur sem enn eiga eftir að fara á sérdeildar fái kynningu á því sem bíður þeirra. Verknámið er ómetanlegur og stór þáttur í námi sjúkraliða og mikilvægt er að tengja saman bóklega þekkingu og fá innsýn í hvernig við vinnum með fjölskyldum. Með því að nemendur kynni verkefni sín hér í málstofu finnst mér við ná góðri tengingu milli verknáms og bóknáms. Því það er hátiðarstund þegar nemendur ljúka svo stórum áfanga sem þessum og eru að útskrifast sem sjúkraliðar.

Ágústa Jóhannsdóttir kennari á heilbrigðissviði Fjölbrotaskólans í Breiðholti.

Bati er mögulegur

Í vinnustaðanámi mínu var ég á Reynimel þar sem nýstofnað geðteymi er staðsett. Í teyminu starfa hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraliðar, félagsráðgjafi og iðjubjálfi. Markmiðið er að minnka þörf á innlögnum og stytta innlagnartíma með því að tryggja góðan stuðning og eftirfylgd, að veita þverfaglega og einstaklingsmiðaða geðþjónustu og rjúfa félagslega einangrun og hvetja skjólstaðing til virkja þátttöku í eigin bata með sjálfstæðri búsetu utan stofnana og virkni í samfélaginu. Starfsmenn teymisins eru með mjög öflugum og breiða fagþekkingu á málefni einstaklinga með geðræn vandamál og góða yfirsýn yfir alla þá þjónustu sem er til staðar fyrir skjólstaðinga.

Í samfélagsgæðteyminu er lagt áherslu á að bati sé mögulegur. Til að ná og viðhalda honum eru margar leiðir og eru þær alltaf einstaklingsbundnar. Mikilvægur þáttur er að horfast

í augu við þær hindranir sem fyrir eru og taka ábyrgð á þeim. Þess vegna er lögð áhersla á að fræða einstaklinga um geðræn veikindi og leiðir til að ná bata. Það getur verið með því að setja sér markmið eins og að auka virkni, styrkja tengslanet og ná tökum á einkennum sem hindra lífsgæði. Þetta byggir á samvinnu þar sem von og trú á styrkleika er í brennidepli. Þeir sem glíma við geðrænan vanda geta tekið árbyrgð og valið leiðir til að taka virkan þátt í eigin bata. Meðal annars með því að læra að þekkja einkenni og nota bjargráð sín ef þeirra verður vart.

Þegar sjúklingar útskrifast af stofnunum flytja þeir oft heim til fjölskyldna sinna og er því mikilvægt að aðstandendur fái skilning, virðingu og stuðning því hlutverk þeirra er mikilvægt í allri meðferðarvinnu. Mikilvægt er að fjölskyldur geri ættartré til þess að skilja og skilgreina fjölskyldu sína betur og síðan en ekki síst að auka skilning á sjálfum sér.

Einnig til að auka innsæi sitt á fjölskyldugerð sinni og hinum mikla breytileika sem fjölskyldan býr yfir. Annar mikilvægur tilgangur fjölskyldutrés er að fá fram hverjir teljast til fjölskyldunnar og tengsl fjölskyldunnar við utanaðkomandi aðila.

Leita eftir styrkleikum

Lykilatriði í fjölskylduvinnu er að einstaklingurinn leiti eftir styrkleikum og að meðferðaraðilar noti opnar spurningar og reyni að skilja að vandamálin eru ekki hjá einstaklingi heldur í samskiptum milli manna. Spurningar sem gott er að spyrja að eru t.d: Hvað skiptir mestu máli núna? Á hvern hafa veikindin mest áhrif? Hvernig aðstoð viljið þið núna? Hvaða stuðning getum við veitt ykkur núna? Hvað hefur reynst ykkur best áður? Ef það væri ein spurning sem þið gætuð fengið svar við núna, hver væri hún? Þessar spurningar geta hjálpað mjög mikið í fjölskylduviðtali,

skapa umræður/samræður og fjölskyldan leitast við að hugsa um aðstæður og hverju væri hugsanlega hægt að breyta. Í lok samtalsins er gott að draga fram styrk fjölskyldunnar, dæmi: „Ég heyri að þetta hefur verið mikið álag á fjölskylduna og mér finnst að þið hafið staðið ykkur mjög vel.“

Calgary-fjölskyldumódelið er kerfi sem hægt er að flokka þær upplýsingar sem við fáum til að við skiljum af hverju fjölskyldur bregðast við eins og þær gera. Tilgangurinn er að skoða og meta fjölskyldur, skipuleggja upplýsingar sem aflað er, greina styrkleika og vandamál fjölskyldunnar og þannig greina atriði sem leggja ætti áherslur á í hjúkruninni. Aðaláherslan er á uppbyggingu fjölskyldunnar, hvernig uppbyggingin hefur þróast í fjölskyldunni og hvernig fjölskyldan hefur það í fjölskyldulífinu.

Mikilvægt er að meta hversu vel starfshæf fjölskyldan er þar sem samvinna skiptir öllu máli. Því er mikilvægt að beina athyglinni að nokkrum þáttum: 1) Sjálfsmati allra fjölskyldumeðlima, tilfinningum þeirra og sjálfsvirðingu, 2) tjáskipti á milli þeirra, eru þau heiðarleg, bein eða óbein? 3) reglur, hvernig fjölskyldan skiptir með sér hlutverkum, hver gerir hvað og umræður, 4) tengsl fjölskyldumeðlima svo og samskipti þeirra við þjófðfélagið, skólana, leikskólana og önnur kerfi sem fjölskyldan tilheyrir.

Í fjölskyldumeðferðarlíkaninu er lögð áhersla á gefa fjölskyldunni tækifæri til að tjá sig um reynslu sína af veikindunum. Í stað þess að einblína á vandamál fjölskyldunnar er mikið lagt upp úr því að fjölskyldan finni hvar hún stendur sterkust fyrir.

Ég tel þetta frábært kerfi sem gott er að vinna með ef við viljum þróa með okkur hæfni og getu til að sinna fjölskyldum á breiðum grunni. Fjölskyldurnar hafa mikla þörf fyrir að fylgjast með framgangi sjúkdómseinkenna og til að það geti gerst verður starfsfólk að vera þjálfað í að skapa andrúmsloft sem ýtir undir góð samskipti. Mestu máli skiptir að bera virðingu fyrir aðstandendum og hinu erfiða hlutskipti þeirra. Þá þurfa aðstandendur ekki lengur að upplifa sjálfa sig seka, heldur verða þvert á móti mikilvægur stuðningur við sjúklinginn. Erfið veikindi nákominnna ættingja geta verið mjög þungbær, en álagið magnast þegar forðómar og vanþekking almennings bætast við. Þá sleppur enginn í fjölskyldunni undan þeirri miklu tilfinningakreppu sem skapast. Sjúkdómurinn hefur áhrif á viðhorf aðstandenda til sjálfra sín og til lífsins og getur leitt til einkenna hjá fleirum í fjölskyldunni.

Stuttur úrdráttur úr verkefni Thelmu Lind Jónasdóttur sem skrifaði um samfélagsgeðteymi Landsspítala háskólasjúkrahúss.

Þrjár gerðir af golfkortum í boði

Sjúkraliðum stendur til boða að kaupa sérstakt Golfkort sem veitir afslátt á fjölmörgum golfvöllum víðsvegar um landið í sumar.

Golfkortíð var stofnað árið 2010 og hefur gert samstarfssamning við 23 golfvelli fyrir árið 2011. Nú þarf aðeins eitt kort sem gildir á alla þessa golfvelli. Fjölskyldan getur þannig öll spilað saman í sumarleyfinu án stóruþgjalda. Takmarkanir eru þær að einungis er leyfilegt að spila að hámarki 6 daga á hverjum velli.

Boðið er upp á þrjár gerðir af golfkortinu:

- Einstaklingskort sem selt er til félagsmanna Sjúkraliðafélagsins á 7 þúsund krónur.
- Fjölskyldukort sem veitir handhafa þess, maka og þremur börnum undir 18 ára aldri sama aðgang og gildir um einstaklingskort. Fjölskyldukortið er selt til félagsmanna Sjúkraliðafélagsins á 11 þúsund krónur.
- Hvammsvíkur golfkort sem selt er til félagsmanna Sjúkraliðafélagsins á 8 þúsund krónur. Hægt er að spila ótakmarkað þá daga sem völlurinn er opinn almenningsi.

Mínum einnig á að félagsskírteini Sjúkraliðafélagsins gildir sem afsláttarskírteini vegna þeirra afsláttar sem í boði eru á orlofsvef félagsins undir liðnum „Annað í boði“ á heimasíðu Sjúkraliðafélagsins.

Flíspeysur til sölu

Nýjar flíspeysur eru nú komnar í sölu á skrifstofu félagsins, þær eru hvítar og til í öllum stærðum.

Verð á peysu afgreidd á skrifstofu félagsins: 3.500 krónur.

Verð á peysu send í pósti: 4.000 krónur.

Athugið að peysur verða ekki sendar í póstkrofu, þannig að greiða þarf inn á bankareikning félagsins.

Þannig líta flíspeysurnar út.



Stuðnings- sokkar til sölu

Við mínum sjúkraliða á að hinir vinsælu Gilofa® stuðningssockkar eru enn til sölu á skrifstofu SLFÍ.

Sokkarnir örva blóðflæðið í líkamanum, draga úr vökvasöfnun og henta vel fyrir þá sem standa lengi við vinnu, til dæmis á heilbrigðisstofnunum.



Sjúkraliðafélag
Íslands

Haustleiga orlofshúsa

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á haustleigu í fimm orlofshúsum innanlands, íbúðum á Akureyri og í Reykjavík og íbúð í Kaupmannahöfn. Nú þegar er opið á orlofsvefnum fyrir bókanir í Kaupmannahöfn út yfirstandandi ár, en þann 1. september nk. kl. 9.00 verður opnað fyrir bókanir innanlands vegna leigu á tímabilinu 16. september til 4. janúar 2012.

Verð innanlands:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags 18.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags 13.000 krónur
- Virkir dagar 3.000 krónur
- Jól frá 21. desember til 28. desember 20.000 krónur
- Áramót frá 28. desember til 4. janúar 20.000 krónur

Leiga um jól og áramót kostar fimm orlofspunkta.

Dagsleiga er á íbúðinni í Kaupmannahöfn (hámark 7 dagar) og kostar hver dagur 10.000 kr.

Bókanir

Félagsmenn bóka sjálfir og ganga frá greiðslu í gegnum orlofsvef slfi.is. Þegar því er lokið fá þeir kvittun og leigusamning sendan á það netfang sem skráð var við bókunina. Þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki tók á að bóka sjálfir geta haft samband við skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494.

Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum íbúðanna í Reykjavík og á Akureyri býðst að leigja sængurfatnað og handklæði.



Hægt er að bóka á orlofsvef SLFÍ gistingu í Kaupmannahöfn út árið.



Frá og með 1. september verður hægt að bóka haustleigu í bústöðum og íbúðum félagsins.

DanPr+

Heilsa & vellíðan

Fást í yfir
20 tegundum

DanPro heilsuskórnir hafa lögun og uppbyggingu fótanna. Stuðla að eðlilegri hreyfingu og vinna með stoðkerfi líkamans.



Slitsterkir og endingagóðir skór sem minnka núning og draga úr fótraka.



Mjúkir og með góða dempun. Innlegg sem örvar blóðflæði fótanna.



ARHUS

Þægilegir klossar úr mjúku kálfa-leðri með mjúkum leðurinnsóla. Spenna ofan á rist, möguleiki á að víkka skóinn.

Til í svörtu og hvítu.

Stærðir 36 - 41



ALABORG

Þægilegir klossar á herrann úr mjúku kálfa-leðri með einstaklega þægilegu fótлага innleggi.

Til í svörtu og hvítu.

Stærðir 41-45



BERGEN

Opnir og þægilegir sandalar úr kálfa-leðri með innlegg sem hæfir lögun fótanna. Hælband, möguleiki á að víkka yfir rist.

Til í svörtu og hvítu.

Stærðir 36 - 41



Stendur þú langar vaktir ?

Láttu þér líða vel í vinnunni í DanPro heilsuskóm

Útsöluastaðir:

REYKJAVÍK - Ellingsen, Iljaskinn
HAFNARFJÖRÐUR - Euro skór
AKUREYRI - Ellingsen, Mössubúð
HÚSAVÍK - Skóbúð Húsavíkur

HVAMMSTANGI - Kaupf. V-Húnvetninga
ÍSAFJÖRÐUR - Hafnarbúðin
SAUÐÁRKRÓKUR - Kaupf. Skagfirðinga
VOPNAFJÖRÐUR - Efnalaug Vopnafjarðar

NESKAUPSSTAÐUR - System
REYÐARFJÖRÐUR - Pex
SELFOSS - Skóbúð Selfoss
VESTMANNAEYJAR - Axel Ó

Sjúkraliðar fá 25% afslátt
(gegn framvísun félagsskírteina)
í Ellingsen.

Tilboðið gildir til 17. júní nk.

Gönguferð um Jökulsárgljúfur

Hálendisferð sjúkraliða 4. – 8. ágúst

Sjúkraliðafélag Íslands býður gönguhressum sjúkraliðum upp á hálendisferð dagana 4. – 8. ágúst næstkomandi, en þá verður farið um Sprengisand og Kjöl og gengið um hin einstæðu Jökulsárgljúfur. Skipuleggjandi ferðarinnar og stjórnandi er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, sjúkraliði og leiðsögumaður.

Gist verður fyrstu þrjár næturnar í Lundi, skammt frá Ásbyrgi, en þar skammt frá er sundlaug með heitum pottum. Síðustu nóttina verður gist í Hveradölum á Kili, fjallaskála með eldunaraðstöðu og heitri laug.

Ganga um Jökulsárgljúfur lætur fáan göngugarpinn ósnortinn. Fjölbreytileiki landslagsins er einstakur og andstæður í umhverfinu fanga augað við hvert fótstap, hrikaleg gljúfur, kyrrlátar tjarnir, tærar lindir, úfin jökulsá, gróskumikill skógur og grýttur melur. Jökulsárgljúfur eru draumaland göngufólks og náttúruunnenda.

Jökulsá á Fjöllum á upptök í Vatnajökli og rennur til sjávar í Öxarfjörð. Hún er önnur lengsta á landsins, 206 kílómetrar. Jökulsárgljúfur eru ein stærstu og hrikalegustu árgljúfur á Íslandi. Þau eru 25 kílómetra löng og 500 metra breið. Þar eru samankomnar nokkrar af helstu perlum íslenskrar náttúru. Dettifoss er álitinn aflmesti foss Evrópu og má í honum skynja þá krafta sem myndað hafa Ásbyrgi og Hljóðakletta. Andstæður krafts og friðar eru svo óviða skýrari en í Hólmatungum þar sem tærir lækir og lindir renna út í beljandi jökulá.

36 þúsund

Það kostar sjúkraliða 36 þúsund krónur og 3 orlofspunkta að taka þátt í hálendisferðinni um Sprengisand í Jökulsárgljúfur og til baka suður um Kjöl dagana 4.-8. ágúst næstkomandi. Innifalið í verðinu er akstur, gisting og leiðsögn.

Farangur

Svefnpoki. Koddaver. Bakpoki (dagspoki). Bakpokahlíf (val). Gönguskór. Göngustafir (val). Vatnsflaska. Hitabúsi. Sólgleraugu. Sólvarkrem. Derhúfa. Sjónauki. Eldspýtur. Flugnanet (val). Eyrmatappar (val). Handklæði. Tannbursti. Tannkrem.

Fatnaður

Jakki úr vatnsheldu efni (til dæmis GoreTex). Utanyfirbuxur úr sama efni. Göngubuxur. 2 pör ullarsokkar. Vettlingar. Ullarhúfa. Nærskyrta úr ull eða silki. Þunn peysa úr ull eða silki. Síðar nærubuxur úr ull. Lopapeysa eða þykk flíspeysa. Sundföt. Vaðskór.



Jökulsárgljúfur eru draumaland göngufólks og náttúruunnenda

Þessi hálendisferð er við allra hæfi, mjög auðveldar göngur, lítið um brekkur. Tekið skal fram að þeir sem ekki vilja eða treysta sér til að ganga geta valið að fylgja bílnum og njóta náttúrunnar. Farið er á tveimur 10 manna fjallabílum sem fylgja hópnum eftir.



Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir fararstjóri

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins www.slfi.is

Símar á skrifstofunni: 553 9493 og 553 9494

Sími Úlfheiðar: 694 4920 - Netfang: kadlinheida@gmail.com